

# UMFÍ



## ÁRSSKÝRSLA 2021

52. SAMBANDSPING UMFÍ / ÁRSREIKNINGUR 2020



# EFNISYFIRLIT

|   |    |  |    |
|---|----|--|----|
| ÁVARP FORMANNS .....  | 5  | GETSPÁ OG GETRAUNIR,<br>MIKILVÆGUR FJÁRHAGSLEGUR<br>BAKHJARL HREYFINGARINNAR ..... | 34 |
| STJÓRN UMFÍ 2019-2021 .....                                 | 7  | UMFÍ STYRKIR GRASRÓTARSTARF .....  | 36 |
| ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ .....                                  | 8  | LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL<br>SAMBANDSAÐILA .....                                 | 36 |
| SAMBANDSAÐILAR UMFÍ .....                                   | 10 | SJÓÐIR .....   | 38 |
| ÁHRIF HEIMSFARALDURS Á STARF<br>UMFÍ OG SAMBANDSAÐILA ..... | 13 | UMFÍ ER UMHUGAÐ UM<br>NÁTTÚRU OG UMHVERFI .....                                    | 40 |
| DÝRMÆTUR STUÐNINGUR STJÓRNVALDA .....                       | 13 | UMFÍ SINNIR ÚTGÁFU-<br>OG KYNNINGARSTARFI .....                                    | 41 |
| MIKLIR HVATAR FYRIR ÍPRÓTTAFÉLÖG .....                      | 15 | UMFÍ ER NÚTÍMALEG<br>OG LEIÐANDI SAMTÖK .....                                      | 42 |
| COVID-19: 2020 – ÁR SVEIGJANLEIKANS .....                   | 16 | FELIX .....  | 42 |
| UMFÍ EFLIR ÞÁTTTÖKU Í<br>ÍPRÓTTUM OG HREYFINGU .....        | 20 | SPORTABLER .....   | 42 |
| UMFÍ ER LEIÐANDI Í FRÆÐSLU<br>OG FORVÖRNUM .....            | 23 | SKRÁNINGARKERFIÐ NÓRI .....  | 43 |
| UNGMENNABÚÐIR UMFÍ .....                                    | 23 | SKJALAVISTUN .....   | 43 |
| FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ<br>STYRKIR ÍPRÓTTASTARF .....          | 25 | SAKAVOTTORÐ .....  | 43 |
| AUKIN ÞÁTTTAKA Í SKIPULÖGÐU STARFI .....                    | 26 | SAMSKIPTARÁÐGJAFI Í ÍPRÓTTA-<br>OG ÆSKULÝÐSSTARFI .....                            | 44 |
| BETRA FÉLAG .....   | 28 | UMFÍ BYGGIR Á TRAUSTUM<br>STJÓRNARHÁTTUM .....                                     | 45 |
| GRUNNSKÓLAMÓTIÐ Í BLAKI .....                               | 28 | SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ 2020 .....   | 45 |
| ÁNÆGJUVOGIN 2020 .....                                      | 29 | STEFNUMÓTUN .....  | 46 |
| SÝNUM KARAKTER .....  | 30 | STERKARI SAMAN SAMFÉLAGINU TIL GÓÐA .....  | 48 |
| FORVARNADAGURINN .....                                      | 31 | UMSAGNIR TIL ALÞINGIS .....  | 49 |
| SÝNDU HVAÐ Í PÉR BÝR .....                                  | 31 | SUMARSTARFSFÓLK – HEFJUM STÖRF .....   | 53 |
| RAFÍPRÓTTIR .....   | 32 |  |    |
| SAMTAL UNGMENNARÁÐA .....                                   | 33 |  |    |
| ÍPRÓTTIR FYRIR ALLA .....                                   | 33 |  |    |

|  |    |
|--|----|
| <b>UMFÍ ER ÖFLUGUR SAMSTARFSADILI</b> .....    | 54 |
| ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS .....       | 54 |
| VINNUHÓPUR UM LÝÐHEILSU .....                  | 54 |
| NEFND UM LOTTÓÚTHLUTUN .....                   | 55 |
| ÍPRÓTTANEFND RÍKISINS .....                    | 55 |
| ÆSKULÝÐSRÁÐ .....                              | 55 |
| RANNSÓKNAMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS .....                 | 55 |
| ÆSKULÝÐSVETTANGURINN .....                     | 56 |
| MANNRÉTTINDI BARNNA Á ÍSLANDI .....            | 56 |
| ALMANNAHEILL .....                             | 57 |
| MEÐBYR .....                                   | 57 |
| ERLEND SAMSKIPTI .....                         | 57 |
| <b>UMFÍ BYGGIR Á SJÁLFBODALIÐASTARFI</b> ..... | 59 |
| VIÐURKENNINGAR .....                           | 59 |
| VERÐLAUN .....                                 | 66 |
| NEFNDIR UMFÍ 2019-2021 .....                   | 70 |
| <b>LANDSMÓT UMFÍ FRÁ UPPHAFI</b> .....         | 72 |
| <b>LÖG UMFÍ</b> .....                          | 73 |
| <b>ÁRSREIKNINGUR UMFÍ 2020</b> .....           | 76 |
| ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA .....               | 77 |
| SKÝRSLA STJÓRNAR .....                         | 79 |
| REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2020 .....           | 80 |
| YFIRLIT UM REKSTUR 2020 .....                  | 81 |
| EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020 .....     | 82 |
| YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2020 .....       | 84 |
| SKÝRINGAR .....                                | 85 |









# ÁVARP FORMANNS

Góðir ungmennafélagar,

Síðustu tvö ár í starfi ungmennafélagshreyfingarinnar og í raun allra íþrótt- og ungmennafélaga hafa verið mjög sérstök. Þau eru söguleg. Við höfum aldrei séð neitt áður í líkingu við kórónaveirufaldurinn.

Þetta kjörtímabil stjórnar UMFÍ hefur helgast af áhrifum veirufaraldursins. Það eru engar ýkjur að faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á starf okkar allra. UMFÍ stefndi að því að halda þrjú stór og fjörug landsmót árið 2020. Aðstæður voru hins vegar slíkar að þeim varð að fresta og horfðum við bjartsýn fram til ársins 2021 að geta haldið mótin. Vinna við undirbúning þeirra var á lokastigum á nýju ári þegar vírusinn fór aftur á kreik, samkomutakmarkanir voru hertar og var þeim þá því miður slegið aftur á frest. En við hjá UMFÍ erum síður en svo ein um að hafa orðið fyrir skakkaföllum og röskun á starfi okkar.

Forsvarsfólk í ungmenna- og íþróttahreyfingunni hefur sýnt fádæma þrautseigju í COVID-faraldrinum. Eftir henni hefur verið tekið. Fólk hefur verið einkar duglegt við að leita lausna við þeim vandamálum sem að steðja hverju sinni í fjölbreyttu starfi sambandsaðila. Það er einfaldlega ekki sjálfgefið að halda starfsemi félaganna á réttum kili í hamfarastormi. Stjórnvöld gripu jafnframt af krafti í taumana og studdu af fordæmalausum dugnaði við starf íþróttafélaganna. Ráðin voru af ýmsum toga en skiluðu því að starf félaganna raskaðist minna en óttast var og komu í veg fyrir mögulegt brottfall barna og ungmenna úr skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Við getum ekki ímyndað okkur hvernig farið hefði ef stjórnvöld hefðu ekki komið til hjálpar. Góðum viðbrögðum stjórnvalda og þingheimi öllum ber að þakka fyrir stuðninginn.

Við höfum nú á þessu ári unnið að nýrri stefnu UMFÍ. Fimm ár eru liðin frá því að farið var að vinna eftir núgildandi stefnu. Það sama á við um hana og þá sem nú er í vinnslu að stefnumótun lýkur aldrei. Þvert á móti er það eðli góðrar stefnu að vera í sífelldri endurskoðun, sem skerpir á starfinu og skýrir leiðina fram á við.

Stefnumótunarvinnan hefur farið fram í nánnum samskiptum og góðu samtali við grasrótina. Þaðan koma víða viðbrögð. Við byggjum stefnuna á þessu samtali. Vinnan hefur verið að stórum hluta á fjarfundum og staðfundum, sem reyndar voru færri en lagt var upp með.

Á síðasta sambandsþingi okkar gengu þrjú íþróttabandalög í UMFÍ. Í kjölfarið var samþykkt að ákvarða þyrfti nýja skiptingu lottófjármagns frá Íslenskrari getspá til sambandsaðila í samvinnu við ÍSÍ. Skipuð var nefnd með fulltrúum ÍSÍ og UMFÍ. Fleiri þáttum þarf að breyta en lottóskiptingunni í umhverfi íþróttahreyfingarinnar til framtíðar. Þar horfi ég sérstaklega til breyttrar skipanar íþróttahéraða í landinu. Á þeim tíma, sem núverandi skipting íþróttahéraða hefur verið, að minnsta kosti að stærstum



hluta, hefur margt breyst í ytra skipulagi. Þegar íþróttahéruð voru mótuð voru samgöngur lélegar á bæði láði og legi og vart til í lofti. Boðleiðir nútímans eru allt aðrar en á upphafsárum ungmennafélagshreyfingarinnar. Sveitarfélög landsins hafa líka stækkað við sameiningar og breyst. En íþróttahéruðin hafa setið eftir óbreytt. Mikilvægt er að nú förum við í það verk að skoða skipan þeirra. Við verðum að finna hentugra form þeirra sem rímar við nútímann en um leið koma okkur saman um sanngjarna skiptingu á því fjármagni sem við fáum í gegnum eignarhluti okkar frá Íslenskri getspá og Íslenskum getraunum.

Að lokum: Við í íþróttahreyfingunni verðum að beina sjónum okkar að starfsemi erlendra veðmálafyrirtækja sem hafa opnað fyrir starfsemi sína hér á landi. Þau taka til sín verulegar fjárhæðir, fjármuni sem skila ekki sköttum til samfélagsins. Að mínu mati er mikilvægt að stjórnvöld komi að málinu með okkur. Það mun styrkja íþróttahreyfinguna.

Sú stjórn sem nú er að ljúka kjörtímabili sínu hefur verið mjög starfsöm. Samvinnan hefur verið afar góð og ánægjuleg, bæði með stjórn og starfsfólki UMFÍ. Ég færi þeim bestu þakkir fyrir vinnuna og framlag þeirra til sambandsins.

Á persónulegum nótum hefur þetta verið afar gott ferðalag sem einkennst hefur af hæðum og lægðum. En nú er komið að leiðarlokum. Ég hef setið í stjórn UMFÍ í áratug, þar af í sex ár sem formaður. Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram í formannssætið. Ég mun vissulega sakna þess góða fólks sem ég hef setið með í stjórn og öllu starfsfólki sem ég hef kynnst á stjórnartíma mínum. En í samræmi við það sem ég tel við hæfi, er að stíga til hliðar og fá yngra fólk til að taka við stjórn inn í framtíðina.

Ég vil í lokin hvetja alla í hreyfingu okkar til að efla starf sitt og hafa jákvæðni og ánægju í starfi að leiðarljósi. Höldum áfram að koma saman og leggja okkur fram um að gefa, samfélaginu til góða.

Megið þið eiga gott þing og gangi okkur öllum vel.

Með ungmennafélagskveðju og þökkum fyrir samstarfið,

Haukur F. Valtýsson, formaður UMFÍ.

# STJÓRN UMFÍ 2019-2021



**Haukur Valtýsson**  
formaður



**Jóhann Steinar Ingimundarson**  
varaformaður



**Sigurður Óskar Jónsson**  
ritari



**Guðmundur Sigurbergsson**  
gjaldkeri



**Gunnar Gunnarsson**  
meðstjórnandi



**Gunnar Þór Gestsson**  
meðstjórnandi




**Ragnheiður Högnadóttir**  
formaður framkvæmdastjórnar



**Hallbera Eiríksdóttir**  
varastjórn



**Lárus B. Lárusson**  
varastjórn



**Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir**  
varastjórn



**Gissur Jónsson**  
varastjórn

Um áramótin 2020/2021 höfðu Jóhann Steinar og Ragnheiður hlutverkaskipti sín á milli í stjórninni. Jóhann Steinar tók við sem varaformaður af Ragnheiði og Ragnheiður tók við sem formaður framkvæmdastjórnar af Jóhanni.



# ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Þjónustumiðstöð UMFÍ er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og sambandsaðilum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þar er einnig aðstaða til fundarhalda sem er nýtt til stjórnarfundna, nefndarstarfa og fleiri viðburða á vegum UMFÍ og leigjenda í þjónustumiðstöð UMFÍ. Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra hafa líka fengið afnot af fundarherbergjum.

Í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík starfa:

- Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, ritstjóri og kynningarfulltrúi
- Guðbirna K. Þórðardóttir, ritari
- Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi
- Gerða Jóna Ólafsdóttir, verkefnastjóri
- Sabína Steinunn Halldórsdóttir, verkefnastjóri.

UMFÍ hefur útvistað ákveðnum hluta starfseminnar til eftirfarandi aðila:

Solo bókhaldsþjónusta sér um bókhald UMFÍ, Björgvin Jónsson hjá Certus tölvuþjónustu sér um tölvumál og Jónas Þorbergsson hjá Fínlína sér um grafík og hönnun.

## UMFÍ Á SAUÐÁRKROKI

UMFÍ rekur jafnframt þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi og framkvæmdastjóri móta UMFÍ. Hann hefur jafnframt aðstöðu í þjónustumiðstöðinni í Sigtúni þegar hann sinnir vinnu á höfuðborgarsvæðinu.

## UNGMENNABÚÐIR UMFÍ

Í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni starfa Sigurður Guðmundsson forstöðumaður, Halldóra Kristín Unnarsdóttir, frístunda- og tómstundafræðingur, Ingveldur Gröndal, frístunda- og tómstundafræðingur, Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir frístundaleiðbeinandi, Þorsteinn Hauksson, frístundaleiðbeinandi, Joanna M. Winiecka eldhús og ræstingar. Jörgen Nilsson er í tímabundnu leyfi.

## AÐSTAÐA LEIGÐ Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

UMFÍ leigir aðstöðu í þjónustumiðstöðinni og eru mikil samlegðaráhrif þar á milli. Eftirfarandi fyrirtæki, félagasamtök og starfsmenn eru með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ:

**Æskulýðsvettvangurinn.** UMFÍ er aðili að vettvanginum og flyst aðstaða hans á milli aðildarféлага á nokkurra ára fresti. Framkvæmdastýra ÆV er Sema Erla Serdar. aev.is

**Sóló bókhald** hefur haft á leigu skrifstofuaðstöðu frá haustinu 2019. Fyrirtækið sér m.a. um bókhald UMFÍ og þjónustar sambandsaðila UMFÍ.

**KVAN** er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að styðja ungt fólk og fullorðna til að virkja það sem í þeim býr. Eigendur og stjórnendur KVAN eru Jón Halldórsson framkvæmdastjóri, Anna Steinsen, Jakob Frímann Þorsteinsson og Vanda Sigurgeirsdóttir. kvan.is

**Falcor.** Kvikmyndaupptaka og framleiðsla fyrir fyrirtæki og félagasamtök innan sem utan landsteinanna. Gunnar Örn Heimisson er framkvæmdastjóri Falcor. falcor.is

**Fræðsla og forvarnir** er upplýsingamiðstöð í forvörnum og heilsuefningu. Árni Einarsson er framkvæmdastjóri. forvarnir.is

**ÍMARK Samtök íslensks markaðsfólks.** Þóra Hrunn Guðbrandsdóttir er framkvæmdastjóri ÍMARK. imark.is







# SAMBANDSAÐILAR UMFÍ

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og sjö ungmennafélög með beina aðild.



## HÉRAÐSSAMBAND BOLUNGARVÍKUR HSB

Stofnað 1982 Fjöldi félaga 2  
Formaður Jónas L. Sigursteinsson  
Frkvstj. 413 2021 403 2020 402 2019  
Félagar 289 2021 281 2020 284 2019  
Iðkendur



## HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU HSH

Stofnað 1922 Fjöldi félaga 13  
Formaður Hjörleifur K. Hjörleifsson  
Frkvstj. Daði Jörgensson  
Félagar 3.687 2021 3.393 2020 3.605 2019  
Iðkendur 1.821 2021 1.662 2020 1.687 2019



## HÉRAÐSSAMBAND STRANDAMANNA HSS

Stofnað 1944 Fjöldi félaga 7  
Formaður Hrafnhildur Skúladóttir  
Frkvstj. Jóhann Björn Arngrímsson  
Félagar 759 2021 727 2020 747 2019  
Iðkendur 274 2021 251 2020 231 2019



## HÉRAÐSSAMBAND VESTFIRÐINGA HSV

Stofnað 2000 Fjöldi félaga 17  
Formaður Ásgerður Þorleifsdóttir  
Frkvstj. Dagný Finnbjörnsdóttir  
Félagar 4.416 2021 3.697 2020 4.363 2019  
Iðkendur 2.385 2021 2.115 2020 2.725 2019



## HÉRAÐSSAMBAND ÞINGEYINGA HSP

Stofnað 1914 Fjöldi félaga 22  
Formaður Jónas Egilsson  
Frkvstj. Gunnhildur Hinriksdóttir  
Félagar 3.609 2021 2.905 2020 3.655 2019  
Iðkendur 2.153 2021 2.235 2020 2.111 2019



## HÉRAÐSSAMBANDIÐ HRAFNA-FLÓKI HHF

Stofnað 1971 Fjöldi félaga 9  
Formaður Margrét Brynjólfsdóttir  
Frkvstj. Guðný Lilja Pálsdóttir  
Félagar 663 2021 595 2020 746 2019  
Iðkendur 284 2021 231 2020 360 2019



## HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN HSK

Stofnað 1910 Fjöldi félaga 59  
Formaður Guðríður Aadnegard  
Frkvstj. Engilbert Olgeirsson  
Félagar 21.680 2021 18.261 2020 20.517 2019  
Iðkendur 13.722 2021 14.621 2020 12.770 2019



## ÍÞRÓTTABANDALAG AKRANESS ÍA

Stofnað 1946 Fjöldi félaga 19  
Formaður Marella Steinsdóttir  
Frkvstj. Guðmunda Ólafsdóttir  
Félagar 4.958 2021 4.549 2020 4.209 2019  
Iðkendur 4.160 2021 4.411 2020 3.702 2019



## ÍÞRÓTTABANDALAG AKUREYRAR ÍBA

Stofnað 1944 Fjöldi félaga 22  
Formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson  
Frkvstj. Helgi Rúnar Bragason  
Félagar 20.464 2021 17.109 2020 18.430 2019  
Iðkendur 8.354 2021 8.797 2020 8.380 2019



## ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR ÍBR

Stofnað 1944 Fjöldi félaga 79  
Formaður Ingvar Sverrisson  
Frkvstj. Frímann Ari Ferdinandsson  
Félagar 115.567 2021 96.896 2020 128.058 2019  
Iðkendur 48.065 2021 47.466 2020 49.174 2019



## UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND AUSTURLANDS UÍA

Stofnað 1941 Fjöldi félaga 38  
Formaður Benedikt Jónsson  
Frkvstj. Gunnar Gunnarsson  
Félagar 6.572 2021 5.866 2020 6.541 2019  
Iðkendur 4.740 2021 4.507 2020 4.141 2019



## UNGMENNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND FJALLABYGGÐAR UÍF

Stofnað 2009 Fjöldi félaga 14  
Formaður Jónína Björnsdóttir  
Félagar 1.957 2021 2.124 2020 1.846 2019  
Iðkendur 1.194 2021 1.217 2020 935 2019



## UNGMENNASAMBAND AUSTUR HÚNVETNINGA USAH

Stofnað 1912 Fjöldi félaga 10  
Formaður Rúnar Aðalbjörn Pétursson  
Félagar 1.534 2021 1.510 2020 1.326 2019  
Iðkendur 760 2021 888 2020 639 2019



## UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR UMSB

Stofnað 1912 Fjöldi félaga 17  
Samb.stj. Sonja Lind E. Eyglóardóttir  
Frkvstj. Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir  
Félagar 3.421 2021 3.537 2020 3.684 2019  
Iðkendur 1.754 2021 1.922 2020 1.907 2019



66 Innan UMFÍ eru 426 félög með yfir 270.000 félaga

## FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD



### UNGMENNASAMBAND DALAMANNA OG N-BREIÐFIRÐINGA UDN

Stofnað 1918 Fjöldi félaga 7  
Formaður Heiðrún Sandra Grettisdóttir  
Frkvstj. Jón Egill Jónsson  
Félagar 720 2021 860 2020 851 2019  
Iðkendur 364 2021 399 2020 383 2019



### KEFLAVÍK ÍÞRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAG Keflavík

Stofnað 1929 Fjöldi félaga 1  
Formaður & frkvstj. Einar Haraldsson  
Félagar 11.940 2021 11.277 2020 11.222 2019  
Iðkendur 3.476 2021 3.055 2020 2.648 2019



### UNGMENNASAMBAND EYJAFJARÐAR UMSE

Stofnað 1922 Fjöldi félaga 13  
Formaður Sigurður Eiríksson  
Frkvstj. Þorsteinn Marínósson  
Félagar 2.500 2021 2.414 2020 2.434 2019  
Iðkendur 1.503 2021 1.450 2020 1.180 2019



### UNGMENNAFÉLAG GRINDAVÍKUR UMF G

Stofnað 1935 Fjöldi félaga 1  
Formaður Klara Bjarnadóttir  
Frkvstj. Jón Júlíus Karlsson  
Félagar 1.490 2021 940 2020 1.645 2019  
Iðkendur 897 2021 1.062 2020 1.044 2019



### UNGMENNASAMBAND KJALARNESPINGS UMSK

Stofnað 1922 Fjöldi félaga 43  
Formaður Guðmundur Sigurbergsson  
Frkvstj. Valdimar Smári Gunnarsson  
Félagar 115.849 2021 82.585 2020 95.179 2019  
Iðkendur 36.612 2021 34.622 2020 33.399 2019



### UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR UMF N

Stofnað 1944 Fjöldi félaga 1  
Formaður Ólafur Eyjólfsson  
Frkvstj. Hámundur Örn Helgason  
Félagar 5.700 2021 4.518 2020 5.235 2019  
Iðkendur 1.826 2021 1.447 2020 1.035 2019



### UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR UMSS

Stofnað 1910 Fjöldi félaga 10  
Formaður Gunnar Þór Gestsson  
Frkvstj. Thelma Knútsdóttir  
Félagar 3.854 2021 4.177 2020 4.607 2019  
Iðkendur 2.591 2021 2.695 2020 2.437 2019



### UNGMENNAFÉLAGIÐ ÓDINN UMF Ó

Stofnað 1989 Fjöldi félaga 1  
Formaður Örvar Guðni Arnarsson



### UNGMENNASAMBAND VESTUR-HÚNAVETNINGA USVH

Stofnað 1931 Fjöldi félaga 5  
Formaður Guðrún Helga Magnúsdóttir  
Frkvstj. Heiðrún Nína Axelsdóttir  
Félagar 873 2021 811 2020 812 2019  
Iðkendur 671 2021 648 2020 656 2019



### UNGMENNAFÉLAGIÐ VESTURHLÍÐ V

Stofnað 1987 Fjöldi félaga 1  
Formaður Einar Kristján Jónsson  
Félagar 50 2021 50 2020 50 2019



### UNGMENNASAMBAND VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU USVS

Stofnað 1970 Fjöldi félaga 6  
Formaður Fanney Ásgeirsdóttir  
Frkvstj. Erla Þórey Ólafsdóttir  
Félagar 988 2021 949 2020 895 2019  
Iðkendur 482 2021 503 2020 443 2019



### UNGMENNAFÉLAGIÐ VÍKVERJI UV

Stofnað 1964 Fjöldi félaga 1  
Formaður Árni Unnsteinsson



### UNGMENNASAMBANDIÐ ÚLFLJÓTUR USÚ

Stofnað 1932 Fjöldi félaga 7  
Formaður Jóhanna Íris Inngólfsdóttir  
Félagar 1.901 2021 1.764 2020 1.924 2019  
Iðkendur 1.605 2021 1.500 2020 1.541 2019



### UNGMENNAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR UMF P

Stofnað 1932 Fjöldi félaga 1  
Formaður Petra Ruth Rúnarsdóttir  
Frkvstj. Marteinn Ægisson  
Félagar 911 2021 823 2020 783 2019  
Iðkendur 240 2021 284 2020 255 2019

Tölurnar eru fengnar úr Felix félagaskráningakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

# 1,9

## MILLJARÐAR

STUÐNINGUR FRÁ RÍKINU TIL  
ÍPRÓTTAHREYFINGARINNAR  
Í COVID HEIMSFARALDRINUM



# ÁHRIF HEIMSFARALDURS Á STARF UMFÍ OG SAMBANDSAÐILA

## DÝRMÆTUR STUÐNINGUR STJÓRNVALDA

Stjórnvöld gripu þétt um íþróttahreyfinguna þegar útlit var fyrir að kórónuveirufaraldurinn myndi hafa neikvæð áhrif á allt í samfélaginu.

### ALMENNUR STUÐNINGUR

ÍSí greiðir til íþróttahreyfingarinnar 300 milljónir króna sem stjórnvöld lögðu til og greiddar voru út í almennri stuðningsaðgerð í maí 2020. Úthlutunin byggir á tillögum vinnuhóps um skiptingu fjármunanna. Fulltrúi UMFÍ kom að gerð tillagnanna.

**300**  
milljónir

### SÉRTÆKUR STYRKUR

ÍSí greiðir til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps eða tekjufalls vegna viðburða sem hætt var við af völdum COVID-19. Alls bárust 98 umsóknir vegna sértækra aðgerða. Heildarupphæð umsókna voru tæpar 700 milljónir króna.

**150**  
milljónir

### STUÐNINGUR TIL ÆSKULÝÐSFÉLAGA

Stjórnvöld lýsa því yfir 18. janúar 2021 að þau ætluðu að úthluta 50 milljónum króna til sértækra aðgerða til að styðja við starf æskulýðsfélaga sem raskast hefur verulega vegna afleiðinga sóttvarnaráðstafana af völdum COVID-19 frá 1. júní 2020. UMFÍ fékk 5 milljónir króna styrk vegna starfsemi ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni.

**50**  
milljónir

### LÖG UM GREIÐSLUR VEGNA LAUNAKOSTNAÐAR OG VERKTAKAGREIÐSLNA ÍPRÓTTAFÉLAGA

Með lögum um endurgreiðslu launakostnaðar og verktakagreiðslna er stuðlað að því að íþróttafélög geti hafið óbreytta starfsemi að nýju eftir að þeim var gert að fella niður starfsemi á tilteknu tímabili, að hluta eða jafnvel öllu leyti vegna opinberra sóttvarnarráðstafana. Markmiðið með endurgreiðslunni er að draga úr röskun á íþróttastarfi á Íslandi vegna COVID-faraldursins. Þórir Haraldsson var fulltrúi UMFÍ í vinnuhópi sem samdi lög, áherslur þeirra og greinargerð.

**1.373**  
milljónir

1.373 milljónir króna höfðu verið greiddar í lok ágúst 2021 en gildistími úrræðisins er til 31. desember 2021 og því óljóst um heildarupphæðina. 805 milljónir króna vegna launakostnaðar og 568 milljónir króna vegna verktakagreiðslna.

## HEFJUM STÖRF – ÝMSIR RÁÐNINGARSTYRKIR

Átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir fólk í atvinnuleit og námsmenn. Vinnuálastofnun stýrði áttíu áttíu sem efnt er til í samvinnu við stofnanir ríkisins, félagasamtök og sveitarfélög. Fjöldi íþrótt- og ungmennafélaga hefur nýtt sér úrræðið.

**2.200**  
milljónir

## SÉRSTAKUR FRÍSTUNDASTYRKUR

Frá vori 2021 hefur verið í boði sérstakur frístundastyrkur félagsmálaráðuneytis fyrir börn frá tekjulægri heimilum. Styrkurinn hefur verið útvíkkaður og framlengdur svo fólk geti nýtt hann fyrir sumarnám-skeið barna sinna og fyrir íþrótt- og tómsundaæfingar. Verkefnastjóri styrkjanna í ráðuneytinu er Sigrún Sjöfn Ámundadóttir. Styrkurinn er veittur grunnskólabörnum sem fædd eru á árunum 2005-2014 og búa á heimilum þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði. Styrkurinn er að hámarki 45.000 krónur fyrir hvert barn.

**900**  
milljónir

„Stjórnvöld hafa stutt mjög vel og rausnarlega við íþróttastarfið og hefur stuðningurinn þeirra vera mjög mikilvægur fyrir íþróttafélögin til að geta haldið óbreyttri starfsemi. Við skiluðum þessum góða stuðningi áfram til foreldra í formi þess að halda æfingagjöldum óbreyttum.“

Kristrún Kristjánsdóttir,  
framkvæmdastjóri Aftureldingar í Mosfellsbæ

66

UMFÍ er framsækin hreyfing, sýnir frumkvæði og vinnur að markmiðum sínum á faglegan hátt. Gildi UMFÍ endurspeglast í ungmennafélagsandanum sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið.



# MIKLIR HVATAR FYRIR ÍPRÓTTAFÉLÖG

Einstaklingar geta fengið stuðning sinn við íþróttafélagið sitt dreginn frá tekjuskatti, samkvæmt breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld almannaheillafélaga, þ.m.t. íþróttafélaga, sem taka gildi 1. nóvember 2021.

Skattafrádráttur nemur að lágmarki 10.000 krónum og getur farið upp í 350.000 krónur á hverju almanaksári. Lagabreytingin nær jafnframt til atvinnurekenda og stuðnings fyrirtækja við félagasamtök í þriðja geiranum. Í nágildandi reglugerð nemur frádráttarheimild avinnurekstraraðila 0,75% af árstekjum. Með þeim lögum sem taka gildi 1. nóvember er heimildin tvöfalt hærri eða 1,5%.

Fleiri ívilnanir til félagasamtaka standa íþróttafélögum jafnframt til boða. Þar á meðal er 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu, undanþága frá greiðslu erfðafjárskatts og ýmislegt fleira, sem telja má að muni breyta stórkostlega styrkjasöfnun íþróttafélaga í framtíðinni.

---

**Dæmi:** Jón Jónsson styrkir íþróttafélagið sitt um 100.000 krónur eftir 1. nóvember 2021. Styrkurinn er færður rafrænt til bókar hjá ríkisskattstjóra og færist upphæðin sjálfvirk til frádráttar tekjuskatti á næsta skattframtali Jóns.

„Ég hef viljað leita leiða til að bæta umhverfi almannaheillastarfseminnar og færa það nær því sem þekkest í nágrennalöndum okkar. Með breytingunum styrkjum við ekki bara grundvöll almannaheillastarfsemi heldur sendum við líka skýr og verðskulduð skilaboð til þeirra sem að henni standa. Þannig segjum við sem samfélag einfaldlega: Þakkið fyrir okkur, við kunnum að meta framlag ykkar.“

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í viðtali um breytingu á lögum um almannaheillafélög í 3. tbl. Skinfxa 2020

# COVID-19: 2020 – ÁR SVEIGJANLEIKANS

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hófst undir lok ársins 2019 og skók alla heimsbyggðina. Árið 2021 hélt veirufaraldurinn áfram um allan heim. Stjórnvöld hér á landi komu íþrótt- og ungmennafélagshreyfingunni til hjálpar á ögurstundu og tilkynntu um fordæmalaus aðstoð sem ætlað var að draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins á íþróttastarf. Veittir voru almennir styrkir til íþróttafélaga, en einnig sértækir styrkir sem vógu upp á móti tekjufalli auk endurgreiðslu launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum COVID-faraldursins.

## 2020

**2. október:** Stjórn Íslenskrar Getspár greiddi út 300 m.kr. aukaúthlutun til eignaraðila. Hlutdeild UMFÍ var 40 m.kr. og var greitt út til hreyfingarinnar.

**20. október:** Strangar takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu taka gildi á landsvísu. Utan höfuðborgarsvæðisins eru nándarmörk einstaklinga aukin úr 1 metra í 2, engir eru áhorfendur leyfðir á íþróttaviðburðum, íþróttaiðkun heimil en líkamsræktarstöðvar lokaðar. Á höfuðborgarsvæðinu er allt íþrótt- og tómsundastarf barna á leik- og grunnskólaaldri, sem krefst snertingar, óheimilt en íþróttaiðkun, sem krefst ekki snertingar, heimil. Skólasund og íþróttir sem krefjast snertingar eru óheimilar.

**21. október:** Sviðsstjórar íþrótt- og tómsundastarfa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tilkynna að iðkendur í meistaraflokkum og afreksíþróttafólk geti hafið æfingar í mannvirkjum á vegum sveitarfélaganna. Íþróttastarf barna fædd 2005 og yngri metið síðar.

**29. október:** Sambandsráðsfundur UMFÍ haldinn í fyrsta sinn með rafrænum hætti. UMFÍ gefur út minnisblað um áhrif COVID á íþróttastarf og tillögur sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum veirufaraldursins á íþróttaiðkun, þ.m.t. brottfall barna og ungmenna úr íþróttum.

**30. október:** Stjórnvöld kynna aðgerðir til aðstoðar íþrótt- og æskulýðsfélögum. Þau geti sótt um sérstaka styrki vegna tekjufalls frá 1. júní til 1. október.

**1. nóvember:** Íþróttastarf óheimilt og sundlaugum lokað um allt land til 17. nóvember. Fjöldatakmörkanir fara úr 20 manns í 10. Einungis börn fædd 2015 og yngri undanþegin 2 metra reglu og grímuskyldu.

**15. nóvember:** Ársþing Ungmennasambands Eyjafjarðar (UMSE) haldið á Microsoft Teams.

**18. nóvember:** Íþrótt-, æskulýðs- og tómsundastarf barna í leik- og grunnskólum heimilt á ný.

**27. nóvember:** Nemendur við Grunnskólann á Þórshöfn fengu afhenta ávísun sem þau hlutu í verðlaun í Hreyfiviku UMFÍ og Kristals.

**30. nóvember:** Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, leggur fram á Alþingi frumvarp um greiðslur til íþróttafélaga vegna launa- og verktakakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldursins.

**10. desember:** Íþróttæfingar iðkenda, fæddra árið 2004 og fyrr, heimilaðar með og án snertingar í efstu deildum. Sundlaugar og baðstaðir fá að opna en hleypa aðeins að 50% af hámarksfjölda.

**15. desember:** Íslenskar getraunir greiða aukalega 60 milljóna króna framlag til íþróttafélaga.

**18. desember:** Frumvarp félags- málaráðherra um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldursins samþykkt á Alþingi. Í maí 2021 kemur fram að aðgerðin kostar Vinnumálastofnun rúman einn milljarð króna. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hvetur stjórnendur allra íþrótt- og ungmennafélaga landsins til að nýta sér þau úrræði sem í boði eru til að milda neikvæð áhrif kórónuveirufaraldursins á rekstur félaganna.

**30. desember:** Stjórn UMSK ákveður að greiða aukalega 10 milljónir króna til aðildarfélaga af rekstrarafgangi síðustu ára.

„Mikill fjöldi fólks er án atvinnu með þekkingu og reynslu sem nýttist íþróttafélögum. Knattspyrnudeildin réð einn starfsmann og hef mælt með því að ráða fleiri.“

Hámundur Örn Helgason, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Njarðvíkur (UMFÍ), um kosti þess að félög nýti sér Hefjum störf

## 2021

**13. janúar:** Íþróttæfingar og annað starf barna og full-orðinna heimilað á ný með og án snertingar. Leyft að keppa í íþróttum án áhorfenda. Líkamsræktarstöðvar opna með miklum takmörkunum.

**18. janúar:** Stjórnvöld úthluta 50 milljónum króna til sér-tækra aðgerða til að styðja við starf æskulýðsfélaga sem raskast hefur vegna sóttvarnaráðstafana COVID-19 frá 1. júní 2020. Þetta eru styrkir vegna tekjutaps þar sem hætt hefur verið við mót eða aðra viðburði eða að félög hafi þurft að skerða starfsemi vegna samkomubanns. Ath draga þetta fram

**29. janúar:** Vinnumálastofnun opnar fyrir umsóknir vegna endurgreiðslu launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum COVID-faraldursins.

**8. febrúar:** Nemendur við Grundaskóla á Akranesi fengu þennan dag afhenta 50.000 króna ávísun sem skólinn hlaut í brenniboltaáskorun Hreyfivíku UMFÍ og Kristals sumarið 2020.

Samkomutakmarkanir og aðrar hömlur á skólastarfi komu hins vegar í veg fyrir að hægt væri að afhenda ávísunina fyrr. Nemendurnir ákváðu að gefa ÍA ávísunina og styðja íþróttafélagið til að finna leiðir að bjóða upp á íþróttir án aðgreiningar svo að allir geti verið með í íþróttum.

**12. febrúar:** Stjórn UMFÍ ákvað að styrkþegar fræðslu- og verkefnasjóðs og umhverfissjóðs fengju aukinn tíma til þess að nýta þá styrki sem veittir hafa verið í ljósi covid faraldursins.

**18. febrúar:** Nemendur í Fellaskóla í Breiðholti fengu loks verðlaun sem þau hlutu í Hreyfivíku UMFÍ og Kristals sumarið 2020. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, afhenti verðlaunin og sagði gott að geta loksins afhent þau eftir allar samkomutakmarkanirnar.

**23. febrúar.** Fundur með Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra og lykilaðilum í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

**24. febrúar:** Allt að 200 manns mega horfa á íþróttaviðburði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skíðasvæðum og sundstöðum leyft að taka á móti 75% af leyfilegum hámarksfjölda. Allt að 150 nemendur heimilaðir í hverju rými á öllum skólastigum. Fjöldatakmarkanir fara úr 20 manns í 50.

**12. mars:** Verkefninu Hefjum störf ýtt úr vör. Markmið verkefnisins er að koma atvinnulausum út á vinnumarkaðinn og veita námsfólki 18 ára og eldri vinnu um sumarið. Verkefnið felur m.a. í sér að félagasamtök, þ.m.t. íþróttafélög, geta fengið styrki til að ráða fólk af atvinnuleysisskrá í allt að sex mánuði og námsmenn í tvo og hálfan mánuð. Viðmið Hefjum störf er að atvinnuleitandi hafi verið á atvinnuleysisskrá í 12 mánuði eða lengur. Honum fylgir styrkur frá Vinnumálastofnun upp á 470.000 krónur auk 11,5% framlags í lífeyrissjóð.



**24. mars:** Stjórnvöld kynna harkalegar aðgerðir til að hefta mögulega útbreiðslu bresks afbrigðis kórónuveirunnar á Íslandi. Allt íþróttastarf, sem krefst meiri nálægðar en 2 metra eða þar sem hættu er á snertismiti vegna sameiginlegs búnaðar, fellur niður á landsvísi. Tíu manna fjöldatakmörkun verður meginregla og náandarregla áfram 2 metrar. Sund, baðstaðir og líkamsræktarstöðvar loka. Grunn-, framhalds-, tónlistar- og háskólar loka fram að páskafríi. Allt starf Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni fellur niður fram yfir páska. Reglurnar gilda til 15. apríl.

**6. apríl:** Góð afkoma Íslenskrar getspár. Stjórn Íslenskrar getspár greiddi út 200 m.kr. aukaúthlutun til eignaraðila. Hlutdeild UMFÍ var 26,6 m.kr og var greidd út til hreyfingarinnar.

**8. apríl:** Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir rafræna viðburðinum Samtal ungmennaráða. Samtalið vekur mikla hrifningu þátttakenda og lýst er yfir vilja til að mismunandi ungmennaráð hittist oft.

**9. apríl:** Fundur með Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra og lykilaðilum í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

**15. apríl:** Íþróttastarf kemst í gang á ný. Grunnskólabörn fá að stunda skipulagt íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarf og fjöldatakmörkunir fara úr 10 manns í 20. Starfsemi skíðasvæða, sundstaða, baðstaða og líkamsræktarstöðva hefst á ný en staðirnir mega aðeins taka við 50% af hámarksfjölda gesta. Allt að 100 áhorfendur eru leyfðir á íþróttakeppnum og æfingum í skráðum sætum.

**16. apríl:** Stjórn UMFÍ og landsmótsnefnd UMFÍ 50+ tilkynna að vonir séu bundnar við að mótahald verði orðið hagfellt í lok ágúst og að hægt verði að halda Landsmót 50+ í Borgarnesi helgina 27. – 29. ágúst.

**28. apríl:** Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, ákveður, í samræmi við tillögu ríkisstjórnarinnar, að setja 2,2 milljarða króna úr Atvinnuleysistryggingasjóði í átaksverkefni til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn yfir sumarið.

**30. apríl:** Héraðsþing HSK haldið í fyrsta skipti með fjarfundabúnaði.

**10. maí:** Tílsakanir á samkomutakmörkunum. Fjöldatakmörkunir fara úr 20 manns í 50, sund-, baðstaðir og líkamsræktarstöðvar opna gegn takmörkuðum gestafjölda. Á íþróttaleikum mega aðeins vera 75 í hverju hólf. Fjöldi sitjandi gesta fer úr 100 manns í 150.

**19. maí:** Mikill spenn-ingur er kominn í fólk vegna Unglingalandsmóts UMFÍ um verslunarmannahelgina á Selfossi. Stjórn UMFÍ og framkvæmdanefnd Unglingalandsmótsins er bjartsýn á mótahald.

**27. maí:** Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH) heldur tvöfalt þing.

**7. júní:** Þing Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) haldið með raf-rænum hætti. Þinginu árið áður var frestað.

**15. júní:** Fjöldatakmörkunir fara úr 150 manns í 300 og náandarregla verður 1 metri í stað 2. Á sitjandi viðburðum verður engin náandarregla en grímuskylda í gildi. Nærri 200.000 manns hafa fengið a.m.k. eina bóluefnissprautu og rúmlega 100.000 eru fullbólusettir.

„Þetta er afar þungbær og erfið ákvörðun. Við erum með tárin í augunum því að margir hafa lagt hart að sér til að gera það að veruleika og mörg börn og ungmenni búið að áforma að njóta helgarinnar með fjölskyldu sínum og vinum. En í ljósi aðstæðna verðum við að sýna ábyrgð og samstöðu á þessum óvissutímum og taka þátt í baráttunni.“

Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ

**26. júní:** Allar samkomutakmarkanir falla úr gildi. Skipulagning Unglingalandsmóts UMFÍ, Landsmóts UMFÍ 50+ og fleiri viðburða heldur áfram.

**23. júlí:** Unglingalandsmóti UMFÍ frestað vegna fjölda smita og komandi samkomutakmarkana. Þetta er annað árið í röð sem mótinu er frestað.

**25. júlí:** Samkomutakmarkanir á ný. Þær miðast við 200 manns og 1 metra nándarregla tekin upp. Grímuskylða innleidd á ný. Íþróttæfingar og íþróttakeppnir barna og fullorðinna heimilar með og án snertingar með 100 manna hámarksfjölda. Hámarksfjöldi áhorfenda 200 manns í rými sem skulu skráðir í sæti.

**28. júlí:** Landsmóti 50+ frestað. Mótið átti að fara fram helgina 27.-29. ágúst. „Þótt við þurfum að taka þungbærar ákvarðanir verður baráttan ekki unnin öðruvísi en með samheldni,” sagði Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

**20. ágúst:** Búið er að bólusetja 262.584 einstaklinga á Íslandi.

**25. ágúst:** Ákvörðun tekin um að fresta ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem fram átti að fara í september vegna heimsfaraldurs COVID-19. „Við skynjum það hjá jafnöldrum okkar að ekki er stemning fyrir því að blanda saman ungu fólki alls staðar af landinu undir eitt þak,” sagði Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður Ungmennaráðs UMFÍ, um ákvörðunina.

**15. september:** Verulegur slaki á sóttvarnareglum. Fjöldatakmarkanir fara úr 200 manns í 500. Á viðburðum, þar sem boðið verður upp á hraðpróf, mega allt að 1.500 manns koma saman. Á svokölluðum hraðprófsviðburðum þurfa standandi gestir að halda 1 metra fjarlægðarmörk eða bera grímu, s.s. innandyra. Þess þarf ekki ef setið er. Börn fædd 2006 og yngri eru undanþegin fjöldatakmörkunum. Enn er þó skylt að halda skrá yfir gesti.

**2. október:** Þing ÍBR, sem frestað hefur verið tvisvar sinnum, er haldið í raunheimum.

# UMFÍ EFLIR ÞÁTTÖKU Í ÍPRÓTTUM OG HREYFINGU

Á vegum sambandsaðila UMFÍ fer fram mjög fjölbreytt starfsemi um allt land.

Sumarið 2021 stóð til að halda þrjú stór landsmót. Fjölgun smita á landsvísi og fjöldatakmörkanir á samkomum vegna COVID-faraldursins urðu til þess að öllum mótum var frestað. Þetta var annað árið í röð sem mótum UMFÍ var frestað.















# UMFÍ ER LEIÐANDI Í FRÆÐSLU OG FORVÖRNUM

## UNGMENNABÚÐIR UMFÍ

Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla um allt land og eiga þeir möguleika á að dvelja þar frá mánudegi til föstudags við leik og störf.



Markmiðið er að dvöl ungmennanna styrki félagsfærni þeirra, efla vitund þeirra fyrir umhverfi sínu og samfélagi ásamt því að heilbrigður lífsstíll fái meira vægi hjá þeim. Nemendurnir, sem dvelja í Ungmennabúðum UMFÍ, stíga út fyrir þægindarammann, auka færni í því að koma fram, læra að bæta einbeitingu sína og hæfnina til að vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Allir nemendur, sem sækja búðirnar, eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og allir fá þar tækifæri til að blómstra.

Árlega koma rúmlega 2.000 ungmenni í búðirnar og eru þær snemma fullbókaðar.

## STARFSEMIN Í COVID



Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði mikil áhrif á starfsemi Ungmennabúða UMFÍ. Hertar samkomutakmarkanir og sóttvarnaraðgerðir gerðu það að verkum að fjölmargir skólahópar gátu ekki nýtt tækifærið og dvalið þar. Eins var einn hópur sendur heim úr búðunum í sóttkví. Ónýttur tími var hins vegar nýttur í viðhald á staðnum, bæði húsi og umhverfinu í kring. Skipt var út fjölmörgum kojum og dyttað að ýmsu smálegu. Að mörgu er að huga, enda húsnæðið stórt, vel nýtt og möguleikarnir margir.



“UMFÍ vinnur markvisst að því að skapa vettvang og verkefni sem mæta þörfum landsmanna og hvetur þá til þátttöku. Markmiðið er að allir þjóðfélagshópar hafi aðgengi og geti tekið þátt í fjölbreyttri hreyfingu.



## STARFSMANNABREYTINGAR

Anna Margrét Tómasdóttir lét af störfum sem forstöðukona Ungmennabúða UMFÍ sumarið 2021. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Borgarfjarðar (UMSB) og starfsmaður UMFÍ, var ráðinn forstöðumaður í ágúst.

Stjórn og starfsfólk UMFÍ þakkar Önnu Margréti fyrir samstarfið og framlag hennar til ungmenna og menntunar þeirra um allt land árum saman.

„Ungmennabúðir UMFÍ hafa verið líf mitt og yndi síðastliðin 16 ár. Ég elska þetta. Þetta hefur verið frábær tími og gefið mér mikið. En nú er komið að kaflaskilum og önnur verkefni fram undan.“

Anna Margrét Tómasdóttir

„Ég er mjög spenntur að koma á Laugarvatn og halda áfram að byggja starfið upp á þeim góða grunni sem Ungmennabúðirnar eru reistar á.“

Sigurður Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri UMSB

## TÆKIFÆRI FYRIR ÝMSA HÓPA

UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs þegar skólahópar nýta það ekki, fyrir námskeið sambandsaðila og aðildarféлага, æfingabúðir og aðra íþróttatengda viðburði. Margir hafa gripið tækifærið og átt ógleymanlegar stundir í faðmi náttúrunnar á Laugarvatni.

Síðastliðið sumar ríkti skemmtileg stemning í húsinu sem var þéttbókað. Í rúm 20 ár hefur Íþróttasamband fatlaðra verið með sumarabúðir í Ungmennabúðunum og árið í ár var engin undantekning því þau mættu í tvær vikur í júní. KVAN var með sumarabúðir í alls þrjár vikur í júní og ágúst og Handboltaakademían hélt tvö námskeið í júlí. Í ágúst var dansnámskeið þar sem hópurinn gisti á nokkrum stöðum á Laugarvatni og meðal annars í húsnæði Ungmennabúðanna. Í júní og ágúst voru æfingabúðir hjá íþróttahópum og svo í lok sumars mætti Blaksamband Íslands á Laugarvatn og hélt þar mót fyrir smáþjóðir. Aðstaða í húsi Ungmennabúða UMFÍ var m.a. nýtt í tengslum við mótið.

„Frábært að fá að æfa sig í mannlegum samskiptum“

„Við höfðum áhyggjur af utanumhaldinu en það kom okkur á óvart hversu vel var staðið að öllu“

„Kajakarnir eru frábærir — toppuðu geggjaða viku“

„Starfsfólk á fálkaorðuna skilið fyrir frábæra dagskrá alla daga“

„Við förum heim með jákvæðara viðhorf til lífsins“

„Þetta ætti að vera skylduvika fyrir alla skóla“

„Ég komst að því að það er allt í lagi að vera ekki með síma“

# FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ STYRKIR ÍPRÓTTASTARF

Í desember 2020 gerði félagsmálaráðuneytið samkomulag við ÍSÍ og UMFÍ um styrkveitingu upp á 17 milljónir króna.

Samkomulagið var tvíþætt. Annars vegar fól það í sér þátttöku fulltrúa frá ÍSÍ og UMFÍ í stýrihópi á vegum félagsmálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðir sem stuðlað geta að þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi. Hópnum var falið að leiða aðgerðir og fylgja eftir viðbótarstuðningi stjórnvalda við tómstundastarf barna á efnaminni heimilum. Auður Inga Þorsteinsdóttir var fulltrúi UMFÍ í stýrihópnum.

Hins vegar var um að ræða stuðning við skipulagt íþróttá- og tómstundastarf. ÍSÍ og UMFÍ var falið að leiða verkefni sem felur í sér að þeir aðilar sem bjóða upp á skipulagt íþróttá- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni fái stuðning og fræðslu um það hvernig bæta megi upplifun barna og ungmenna sem koma í fyrsta sinn í skipulagt íþróttá- og tómstundastarf. Mikilvægt er að nýir iðkendur finni að þau séu velkomin og örugg í starfinu. Markmiðið er að draga úr líkum á brottfalli úr skipulögðu starfi. Áhersluhópur er börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu, þar með talið börn af erlendum uppruna.

Tvö verkefni eru afurðir stuðningsins nú þegar. Fyrri afurðin er auglýsing þar sem vakin er athygli á mikilvægi þess að taka þátt í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi. Hin er vefsíðan betrafelag.is sem er sameiginleg verkfærakista fyrir stjórnendur hjá íþróttá- og ungmennafélögum.



# AUKIN ÞÁTTTAKA Í SKIPULÖGÐU STARFI

Í september auglýstu UMFÍ og ÍSÍ eftir umsóknum frá íþróttahéruðum og íþróttá- og ungmennafélögum landsins til að standa fyrir verkefni sem hvetur börn og ungmenni af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra til þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi.

Fjórir styrkir að upphæð 250.000 kr. voru í boði. Verkefni sem hljóta styrk eiga að standa yfir veturinn 2021 – 2022. Eftir að þeim lýkur munu UMFÍ og ÍSÍ taka saman gögn frá styrkþegum og deila reynslunni til annarra íþróttá- og ungmennafélaga. Með þekkingaröflun og miðlun upplýsinga gerum við gott starf enn betra.

Þetta er í annað sinn sem UMFÍ og ÍSÍ útdeila styrkjum til aukinnar þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna. Síðast var það gert í lok ársins 2018.

UMFÍ minnir á efnið *Vertu með* sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Markhópur efnisins er foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. *Vertu með* samanstendur af hagnýtum upplýsingum um starfsemi íþróttá- og ungmennafélaga landsins. Sem dæmi má nefna kosti þess að hreyfa sig, upplýsingar um æfingagjöld og frístundastyrki og mikilvægi þátttöku foreldra í íþróttaiðkun- og starfi barnanna.

Efnið er aðgengilegt á íslensku, ensku, pólsku, taílensku, litáísku, filippseysku, víetnömsku, arabísku og spænsku. Þrjú síðastnefndu tungumálin bættust við í ár. Efnið er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Efnið er aðgengilegt á heimasíðu UMFÍ undir Verkfærakestunni.





## ALLIR MEÐ

Í september 2019 fór Reykjanesbær af stað með verkefnið Allir með! Verkefnið er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, Ungmennafélags Njarðvíkur, Keflavíkur, íþróttá- og ungmennafélags, ráðgjafar-fyrirtækisins KVAN og UMFÍ. Þann 18. mars fór fram uppskeruhátíð verkefnisins í Reykjanesbæ. Hátíðin bar ekki merki þess að verkefninu væri að ljúka, öllu heldur blés byr í seglin. Á uppskeruhátíðinni var forsvarsfólki verkefnisins þakkað fyrir það sem gert hefur verið fram til þessa og það hvatt áfram.

Allir með! snýr að markvissri styrkingu allra þeirra sem starfa með börnum í sveitarfélaginu, með þeim hætti að alltaf sé unnið að jákvæðum samskiptum barna og sterkri félagsfærni þeirra. Lykillinn að vellíðan snýr að virkri þátttöku þeirra í skipulögðu starfi og því að þau tilheyri þeim hópum þar sem þau eru þátttakendur. Alls staðar séu fullorðnir sterkir leiðtogar sem vinna að samfélagsheild þeirra hópa sem þeir bera ábyrgð á.

UMFÍ kom að verkefninu með því að kosta fræðslu og menntun allra þjálfara innan aðildarfélaganna í tengslum við verkefnið. Væntingar standa til þess að hægt verði að taka út mælikvarða og árangur verkefnisins þegar starfsemin færir í eðlilegt horf eftir heimsfaraldur og útfæra verkefnið í framhaldinu á landsvísu.



## BETRA FÉLAG

Heimasíða sem er ætlað að vera þjónustu- og upplýsingavefur fyrir starfsemi íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknu samstarfi og þjónustu UMFÍ og ÍSÍ við íþróttahreyfinguna og sinnir heimasíðan ákalli frá grasrótinni um aðgengi að hagnýtum upplýsingum og ferlum varðandi starfsemi íþróttahéraða og félaga á einum stað.

Markhópur síðunnar er stjórnendur, starfsfólk og sjálfboðaliðar íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Stefnt er að opnun heimasíðunnar betrafelag.is haustið 2022.

Við undirbúning þarfagreiningar á heimasíðunni var send út rafræn könnun til allra sambandsaðila UMFÍ.

### DÆMI UM SPURNINGAR OG SVÖR

- 65% þátttakenda í könnuninni vilja eina sameiginlega heimasíðu fyrir alla íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna með öllum helstu upplýsingum um starf og starfsemi íþróttafélaga.
- Um 60% þátttakenda finnst heimasíða UMFÍ mjög góð eða góð. Aftur á móti höfðu 12% þátttakenda aldrei skoðað heimasíðuna.
- Um 86% þátttakenda finnst best að fá almennar upplýsingar frá UMFÍ og ÍSÍ sendar með tölvupósti.

## GRUNNSKÓLAMÓTIÐ Í BLAKI

Blaksamband Íslands, í samstarfi við Evrópska blaksambandið, UMFÍ, ÍSÍ og Evrópusambandið (ESB) stendur að Grunnskólamóti í blaki.

Þetta er nýr viðburður sem stefnt er á að halda í október á hverju ári. Íþróttahéruð koma að verkefninu og hefur m.a. fengist styrkur úr fræðslu- og verkefnasjóði í verkefnið. Elsa Gunnarsdóttir er verkefnastjóri Grunnskólamótsins. Bakhjarlar mótsins er Ölgerðin og Kristall.

### BLAKMÓTIÐ Í HNOTSKURN

- Haldið í tólf knattspyrnuhúsum um allt land.
- Þátttakendur eru grunnskólanemendur á aldrinum 9 -11 ára (í 4.-6. bekk).
- Gert er ráð fyrir 800-1.000 nemendum á hvert mót.
- 160 skólum er boðin þátttaka.
- Margir vellir í gangi í einu, mikið líf og fjör

### MÓT Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

- Akranes
- Akureyri
- Hafnarfjörður
- Hveragerði
- Ísafjörður
- Kópavogur
- Mosfellsbær
- Reyðarfjörður
- Reykjanesbær
- Reykjavík (vestur og austur)



UMFÍ leggur áherslu á að vera leiðandi í fræðslu- og forvarnastarfi. Mikil áhersla er lögð á mikilvægi sterkrar sjálfsmyndar svo að hver og einn geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin hegðun og lífsstíl.



# ÁNÆGJUVOGIN 2020

Ánægjuvogin er unnin af Rannsóknnum og greiningu (R&g) fyrir ÍSÍ og UMFÍ. R&g hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 undir heiti verkefnisins: Ungt fólk. Í Ánægjuvuginni felst að spurningum tengdum íþróttum og íþróttaiðkun er bætt við spurningalistana.

Samkvæmt niðurstöðum frá 2020 eru 84% af þeim sem stunda íþróttir með íþróttafélagi, sammála þeirri fullyrðingu að þeim finnist gaman á æfingum og sama hlutfall var ánægt með íþróttafélagið sitt. 83% voru ánægð með þjálfarann sinn og 80% með íþróttaaðstoðuna. Þá voru 90% þeirra sem æfa íþróttir 4 sinnum í viku eða oftar mjög ánægð eða ánægð með líkamlega heilsu sína og 78% með andlega heilsu. 65% af þeim sem æfa 4 sinnum í viku eða oftar með íþróttafélagi sögðust vera ánægð með líf sitt samanborið við 39% sem æfa nær aldrei og sama niðurstaða kom fram þegar spurt var hvort að þau væru hamingjusöm.

Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi er einn þeirra þátta sem dregur úr líkum á neyslu ávana- og fíkniefna. Með þátttöku í skipulögðu starfi er átt við ástundun íþróttanna með íþróttafélagi þar sem fullorðinn einstaklingur heldur utan um starfið og lögð er áhersla á uppeldisstarf íþróttanna. Samkvæmt niðurstöðum R&g fara um 90% af íslenskum börnum í gegnum skipulagt íþróttastarf með íþróttafélagi einhvern tíman um ævina. Frá því á tíunda áratug síðustu aldar hefur dregið mjög úr vímuefnaneyslu. Það helst í hendur við aukna þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Þessar jákvæðu niðurstöður á Íslandi eru sjaldséðar í öðrum löndum og hafa þær vakið mikla eftirtekt. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna R&g eykst neysla vímuefna í sumum löndum með aukinni þátttöku í íþróttastarfi, sem gæti verið ein af ástæðum þess að börn af erlendum uppruna eru ekki eins líkleg til að taka þátt.





## SÝNUM KARAKTER

Sýnum karakter er sameiginlegt átaks-  
verkefni ÍSÍ og UMFÍ um þjálfun sál-  
rænnar og félagslegrar færni barna og  
ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði  
verkefnisins byggir á því að hægt sé að  
þjálfa og styrkja sálræna og félagslega  
færni iðkanda eins og líkamlega færni.  
Verkefnið hóf göngu sína árið 2016.

Á árinu hlaut verkefnið 5C's 30 milljóna  
króna styrk frá Erasmus+, sem er  
menntaáætlun Evrópusambandsins. Að  
verkefninu standa ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í  
Reykjavík (HR), Knattspyrnusamband Íslands  
(KSÍ), Fimleikasamband Íslands (FSÍ) og  
Loughborough-háskóli á Englandi.

Verkefnið snýst um að þjálfa fimm þætti í sál-  
rænni og félagslegri færni barna og unglunga í  
íþróttum, rétt eins og þá líkamlegu. Þessir þættir  
eru skuldbinding, samskipti, sjálfstraust, sjálfsgafi  
og einbeiting. Höfundur verkefnisins er Dr. Chris  
Harwood, prófessor við Loughborough-háskóla.  
Hann hefur unnið með íþróttafélögum í Bretlandi að  
því að byggja upp andlega og félagslega færni hjá ungu  
íþróttafólki og styðja við jákvæða íþróttamenningu.

„Við vinnum með þjálfurum til þess að hjálpa þeim  
til að skilja hvað hvert C þýðir og hvernig mikil  
færni í hverju atriði lítur út. Þeir geta svo unnið með  
það áfram, á æfingum, í leikjum og í samskiptum.  
Þjálfararnir verða að vinna með hugmyndafræðina  
á sínum forsendum, eftir sinni menningu. Þjálfararnir  
hér á Íslandi þekkja menninguna hér til dæmis miklu  
betur en ég.“

Dr. Chris Harwood,  
prófessor við Loughborough-háskóla



Harwood starfaði um tíma sem sálfræðingur hjá yngri flokkum breskra knattspyrnuliða. Þar komst hann að því að þjálfarar einbeittu sér sjaldnast að þjálfun sálfræðilegrar og félagslegrar færni. „Einblínt var á tæknilega og líkamlega færni en ekki á sálfræðilega og félagslega færni. Mér þótti mikilvægt að tryggja að athyglin myndi beinast að þessum þáttum. Þetta er eitthvað sem hjálpar þeim ekki einungis í íþróttunum heldur líka í lífinu,“ segir Harwood.

Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum laugardaginn 4. september með vinnustofu sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík. Þangað mættu þjálfarar og starfsfólk frá fimleikadeild Ármanns og knattspyrnu- deild Fylkis. Markmið vinnustofunnar var að auka þekkingu þjálfara á því hvernig stuðla megi að samþættingu sálfélagslegra þátta í þjálfun og undirbúa þjálfara fyrir verkefnunum sem fram undan eru.

Ítarleg rannsóknarvinna á áhrifum verkefnisins á iðkendur og þjálfara er í höndum fræðimanna frá Háskólanum í Reykjavík og Loughborough-háskóla. Lykilmarkmið verkefnisins er að skoða hvort að þessi íhlutun hafi jákvæð áhrif á sálfélagslega færni iðkenda. Hugmyndafræði 5C's tengist og byggir á markmiðum Sýnum karakter, sem UMFÍ og ÍSÍ standa að.

Nálgast má allt efni verkefnisins á [synumkarakter.is](http://synumkarakter.is)



## FORVARNADAGURINN

Forvarnadagurinn er haldinn árlega í október. Hann var haldinn 6. október 2021. Að honum standa Embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, BÍS, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis, sem sér um verkefnastjórn.

Þema Forvarnadagsins í ár var andleg líðan ungmenna og lögð áhersla á að draga fram þá þætti sem geta haft áhrif hana, s.s. neysla koffíndrykkja, nikótínþúðar og svefn. Þá voru verndandi þættir einnig í kastljósinu og ungmenni hvött til þess að taka réttar ákvarðanir þegar þau standa frammi fyrir áskorunum sem geta haft áhrif á þau.

## SÝNDU HVAÐ Í ÞÉR BÝR

Félagsmálanámskeiðið Sýndu hvað í þér býr fór fram nokkrum sinnum víðs vegar um landið á starfsárinu.

Starfsfólk UMFÍ bregst við öllum óskum um námskeið, hvort sem um er að ræða sambandsaðila UMFÍ eða aðra hópa. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku, framkomu, ræðuflutningi, raddbeitingu, skipan ræðu og fleira sem skiptir máli í félagsstörfum. Einnig er kennt ýmislegt sem viðkemur fundarsköpum, m.a. er leiðbeint um fundarreglur, boðun funda, fundarskipan, dagskrá funda, umræður, meðferð tillagna, kosningar og fleira. Þátttakendur vinna jafnframt einföld verkefni og fara í leiki til þess að brjóta námskeiðið upp.



## RAFÍPRÓTTIR

Rafípróttir/rafleikir hafa sprungið út sem helsta afþreying ungs fólks um allan heim. Stafrænn heimur er að öllum líkindum kominn til að vera. Ungu kynslóðin er sú fyrsta sem leggur netsamskipti og tölvuleikjanotkun til jafns við önnur samskipti og aðra iðkun. Þessi þróun er áskorun. Hana má líka líta á sem tækifæri fyrir íþróttá- og ungmennafélagshreyfinguna.



Í janúar 2021 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að mynda stefnu um rafípróttir/rafleiki og efla umgjörð í kringum greinina. Fulltrúar UMFÍ voru Ragnheiður Sigurðardóttir og Vilhelm Patrick Bernhöft. Aðrir fulltrúar voru: Ólafur Hrafn Steinarsson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar; Melína Kolka Guðmundsdóttir, sem tilnefnd var af Rafípróttasamtökum Íslands; Valgerður Þórunn Bjarnadóttir, sérfræðingur mennta- og menningarmálaráðuneytis; Victor Berg Guðmundsson og Sonja Nikulásdóttir, sem bæði voru tilnefnd af Samfés og þau Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Viðar Garðarsson, sem ÍSÍ tilnefndi.

Starfshópurinn skilaði af sér stefnu um málið í mars 2021 og fer hún í samráð með haustinu. Stefnunni er ætlað að ná þremur meginmarkmiðum með skipulögðu rafípróttá/rafleikjastarfi.

**Forvarnagildi:** Skipulagt hópastarf hefur ótvírætt forvarnagildi og eiga rafípróttir/rafleikir ekki að vera undantekning þar á. Mikilvægt er að mæla reglulega áhrif rafípróttá/rafleikja í forvörnum og gera viðeigandi breytingar ef þörf er á.

**Lýðheilsa:** Skipulagt rafípróttá/rafleikjastarf gefur okkur tækifæri til að hvetja og virkja fjölbreyttan hóp ungmenna til þátttöku í skipulögðu starfi sem leggur áherslu á heilbrigðan lífsstíl og stuðlar að bættri lýðheilsu til lengri tíma.

**Þátttaka:** Með þátttöku í skipulögðu starfi rafípróttá/rafleikja má miðla og efla færni og þekkingu einstaklinga sem nýtast viðkomandi í leik og starfi í framtíðinni. Fjölbreytt tækifæri felast í því að Ísland sé virkur þátttakandi í ört vaxandi iðnaði rafípróttá/rafleikja.





## SAMTAL UNGMENNARÁÐA

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir rafræna viðburðinum Samtal ungmennaráða fimmtudaginn 8. apríl.

Markmið viðburðarins var að fá fulltrúa ungmennaráða um allt land að borðinu, deila reynslu sinni, hugmyndum og ræða saman með óformlegum hætti um það hvernig er að vera í ungmennaráði, hver hlutverk ráðanna eru, hvernig aldursdreifing þeirra er, hverjir þröskuldarnir eru og hvernig komist verður yfir þá, hver verkefni eru fram undan og fleira í þeim dúr.

Á viðburðinn komu um 30 þátttakendur frá 19 ungmennaráðum um allt land. Þar á meðal voru ungmennaráð annarra frjálsra félagasamtaka og ungmennaráð sveitarfélaga. Þátttakendur voru afar ánægðir með viðburðinn. Þarna heyrðu þátttakendur að meðlimir annarra ungmennaráða standa frammi fyrir svipuðum áskorunum. Þau þurfi að auka samskipti sín og samvinnu til að leysa málin saman. Það auðveldi líka starfið.

Viðburðurinn var haldinn í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

## ÍPRÓTTIR FYRIR ALLA

Í tengslum við Reykjavík International Games stóðu Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), ÍSÍ, UMFÍ og Háskólinn í Reykjavík (HR) fyrir ráðstefnunni Íþróttir fyrir alla.

Ráðstefnan fór fram fimmtudaginn 4. febrúar í HR. Vegna samkomutakmarkana var hægt að mæta í sal en ráðstefnunni var jafnframt í streymi.

Megináherslur ráðstefnunnar voru niðurstöður rannsókna um viðhorf hinsegin fólks í íþróttum, frístundastarf í Breiðholti - tilraunaverkefni, barnvænt samfélag á Akureyri, verkferlar og leiðbeiningar um kynferðislegt ofbeldi og kynferðislega áreitni í íþróttum og reynslusögur íþróttafólks.

Fyrirlesarar voru þau Arna Sigríður Albertsdóttir, Birta Björnsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Ingi Þór Jónsson, Tótlei Sæmundsdóttir og Þráinn Hafsteinsson.

„Þetta var svo magnað, að ég gat ekki hætt að brosa. Það var svo magnað að heyra fulltrúa ungmennaráða opna sig um stöðuna. Staða þeirra um allt land er mjög misjöfn. Við áttum afar gott og gagnlegt samtal og lærðum svo mikið hvert af öðru. Við ætlum að endurtaka leikinn og hittast aftur. Það er svo mikill ávinningur af því að ræða saman og vinna saman.“

Embla Líf Hallsdóttir, ungmennaráð UMFÍ

# GETSPÁ OG GETRAUNIR, MIKILVÆGUR FJÁRHAGSLEGUR BAKHJARL HREYFINGARINNAR

Segja má með sanni að undanfarnir 18 mánuðir hafi verið fordæmalausir á heimsvísu. Heimsfaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á íslenskt efnahagslíf, almenning og starfsemi alla í víðtækum skilningi. Þar er íþróttá- og ungmennafélagshreyingin alls ekki undanskilin.

Rekstur Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna hefur verið afar góður undanfarin ár og vöxtur verulegur. Ákvarðanir eigenda á undanförunum árum um fjárfestingar í nýjustu tækni hafa svo sannarlega skilað sér í auknum arði. Þá vegur auðvitað öflugt markaðsstarf og gott kostnaðareftirlit þungt í rekstrinum.

Rétt er að hnykkja á að ætíð hefur verið fjárfest í tækjum og búnaði fyrir eigið fé. Með skynsemi og útsjónarsemi hefur tekist að fjármagna að fullu þessar miklu breytingar án þess að eignaraðilar hafi þurft að þola niðurskurð á framlögum.

Evrópskur happdrættismarkaður byggir að mestu á nokkrum tegundum leikjaforma. Stærst þeirra eru talnaleikir (Draw based games), Skafmiðar (Instant games), íþróttaleikir (Sport Games), Spilakassar (Electronic Gaming Machines), happdrætti og ýmsir spilaleikir eins og póker o.s.frv. Sem betur fer byggir starfsemi okkar á stærsta floknum og þeim sem hefur ekki bein tengsl við spilavanda og spilafíkn. Mikil vakning er í Evrópu varðandi hættulega leiki og þau neikvæðu samfélagslegu áhrif sem þeir valda.

Frá stofnun Íslenskrar getspár fyrir 35 árum hafa eigendur fengið arð sem nemur um 40 milljörðum íslenskra króna - miðað við vísitölu. Það sýnir mikilvægi félagsins fyrir eigendur okkar sem eru stærstu fjöldahreyingar í íslensku samfélagi.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Jóhann Steinar Ingimundarson. Aðrir stjórnarmenn eru Lárus L. Blöndal og Gunnar Bragason frá ÍSÍ og Bergur Þorri Benjamínsson og Þóra Þórarinsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Aðrir í stjórn eru Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ, Guðni Bergsson frá KSÍ, Lilja Sigurðardóttir frá ÍBR og Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríkisins.

Stöndum saman um að verja hagsmuni íþróttahreyingarinnar, stöndum saman um áframhaldandi þróun og nýjungar og gleymum aldrei þeim góða málstað sem við viljum verja í þágu íþróttá, öryrkja og ungmenna

Stefán Konráðsson,  
framkvæmdastjóri, Getspá - Getraunir



Markmið UMFÍ er að efla og styrkja fjárhagslegan grunn sambandsaðila. Að kynna sjóði UMFÍ og aðra sjóði fyrir sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra.

# 1,9 milljarðar

Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila  
auk 300 milljóna króna aukagreiðslu



# 237 milljónir

Greiddar til sambandsaðila UMFÍ  
auk 20,2 milljóna króna úr Fræðslu- og verkefnasjóði



# 500 milljónir

Aukaúthlutun frá getspá til eignaraðila

# 60 milljónir

Aukaúthlutun frá getraunum beint til íþróttafélaga

# 13,33%

Eignarhlutur UMFÍ í Íslenskri getspá  
46,67% Íþróttasamband Íslands  
40,00% Öryrkjabandalag Íslands





# UMFÍ STYRKIR GRASRÓTARSTARF

## LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA

### I. SKIPTING LOTTÓTEKNA UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 14% til UMFÍ.
- 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

### II. SKIPTING LOTTÓTEKNA SAMBANDSAÐILA UMFÍ

- 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

### III. REGLA VEGNA JAFNRAR SKIPTINGAR MILLI SAMBANDSAÐILA

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

- Einn hlutur: Héraðssambönd.
- 30% af hlut: Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFÉ, UMFÞ og UFA.
- 10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji.

### IV. REGLA VEGNA ÍBÚAFJÖLDA

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi

verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

### V. REGLA VEGNA FÉLAGSMANNAFJÖLDA

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

### VI. AÐRAR FORSENDUR FYRIR ÚTHLUTUN SAMBANDSAÐILA

Starfi sambandsaðila ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið herra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

### VII. NÝIR SAMBANDSAÐILAR

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

### VIII. UM ÚTHLUTUN

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

### BRÁÐABIRGÐA-ÁKVÆÐI

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 51. Sambandsþingi UMFÍ á Laugarbakka árið 2019.

## LOTTÓÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

|  | 2020               | 2019               |                              |
|--|--------------------|--------------------|------------------------------|
| Ungmennasamband Kjalarnesþings UMSK              | 71.031.390         | 54.730.289         | <b>237</b> milljónir<br>2020 |
| Héraðssambandið Skarphéðinn HSK                  | 24.370.400         | 18.936.682         |                              |
| Ungmennafélagið Fjölnir UMFJ                     | 19.088.686         | 14.485.282         |                              |
| Keflavík íþrótt- og ungmennafélag Keflavík       | 13.084.929         | 10.161.588         |                              |
| Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands UÍA      | 11.856.751         | 9.231.177          | <b>182</b> milljónir<br>2019 |
| Héraðssamband Þingeyinga HSP                     | 7.645.823          | 6.129.792          |                              |
| Ungmennasamband Skagafjarðar UMSS                | 7.472.881          | 5.710.194          |                              |
| Héraðssamband Vestfirðinga HSV                   | 7.253.724          | 5.509.516          |                              |
| Ungmennasamband Borgarfjarðar UMSB               | 6.964.678          | 5.509.516          | <b>171</b> milljónir<br>2018 |
| Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalssýslu HSH | 6.798.367          | 5.254.110          |                              |
| Ungmennafélag Njarðvíkur UMFN                    | 6.548.903          | 4.870.994          |                              |
| Ungmennasamband Eyjafjarðar UMSE                 | 6.483.933          | 4.852.751          |                              |
| Ungmennasambandið Úlfjótur USÚ                   | 5.265.414          | 4.104.774          | <b>153</b> milljónir<br>2017 |
| Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar UÍF    | 5.040.768          | 3.995.309          |                              |
| Ungmennasamband A-Húnavatnssýslu USAH            | 4.688.073          | 3.612.198          |                              |
| Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu USVS          | 4.164.145          | 3.192.602          |                              |
| Ungmennasamband V-Húnavatnssýslu USVH            | 4.137.436          | 3.156.113          | <b>147</b> milljónir<br>2016 |
| Héraðssambandið Hrafna-Flóki UDN                 | 4.096.143          | 3.156.113          |                              |
| Ungm.samband Dalamanna og N-Breiðfirðinga HHF    | 3.948.019          | 3.010.167          |                              |
| Héraðssamband Bolungavíkur HSB                   | 3.758.602          | 2.864.216          |                              |
| Héraðssamband Strandamanna HSS                   | 3.714.277          | 2.845.977          | <b>127</b> milljónir<br>2015 |
| Ungmennafélag Grindavíkur UMFG                   | 3.160.613          | 2.371.645          |                              |
| Ungmennafélag Akureyrar UFA                      | 2.104.234          | 1.605.423          |                              |
| Ungmennafélagið Þróttur UMP                      | 1.965.201          | 1.514.206          |                              |
| Ungmennafélag Kjalnesinga UMFK                   | 991.411            | 747.981            |                              |
| Ungmennafélagið Skipaskagi USK                   | 544.575            | 419.599            |                              |
| Ungmennafélagið Vesturhlíð V                     | 378.835            | 291.893            |                              |
| Ungmennafélagið Óðinn UMFÓ                       | 142.061            | 109.461            |                              |
| Ungmennafélagið Víkverji UV                      | 71.033             | 54.731             |                              |
| <b>SAMTALS</b>                                   | <b>236.771.305</b> | <b>182.434.299</b> |                              |

## FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóðurinn var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson sem var formaður UMFÍ frá árinu 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987. Samþykkt var á 47.

Sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina þessa tvo sjóði í einn og ber hann heiti þeirra beggja. Sjóðurinn hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélags-hreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Sjóðnum er markaður tekjustofn, sem er 7% af lottótekjum UMFÍ. Umsóknarfrestir í sjóðinn eru tveir á ári hverju, til 1. apríl og 1. október. Fyrir hvern umsóknarfrest berast um eða yfir hundrað umsóknir sem sjóðsstjórn fer yfir.

Í sjóðsstjórn sitja formaður Sigurður Óskar Jónsson, Lárus B. Lárusson, sem situr í varastjórn UMFÍ, og Ragnheiður Högnadóttir, sem situr í stjórn UMFÍ.

### HVERNIG VERKEFNI HLJÓTA STYRK?

Fjöldmörg verkefni hljóta styrk á hverju ári. Í síðustu úthlutun má nefna verkefni sem snýr að eflingu stúlkna í körfubolta hjá HSK á Selfossi, íslenskunám-skeið fyrir erlenda þjálfara hjá UÍA á Austurlandi, ýmis þjálfaranámskeið og fræðandi fyrirlestrar hjá ýmsum félögum.

## UMHVERFISSJÓÐUR UMFÍ

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ 1979 til 1993, og ber sjóðurinn nafn hans. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma heitins og UMFÍ.

Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Pálmi Gíslason var fæddur 2. júlí árið 1938 og var hann í forystusveit UMFÍ um áratuga skeið. Hann var meðal annars formaður íþróttanefndar Ungmennasambands Austur-Húvetninga (USAH) árið 1960–1961, sat í stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í mörg ár og um tíma í stjórn Breiðabliks. Þá sat hann í stjórn UMSK og í mörgum landsmótsnefndum, bæði á vegum UMSK og UMFÍ. Pálmi sat í varastjórn UMFÍ árin 1969–1973 og var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993. Pálmi lést af slysförum árið 2001. Fjölskylda Pálma setti sjóðinn á laggirnar í minningu hans ásamt ungmennafélags-hreyfingunni og öðrum velunnurum.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl ár hvert. Skilyrði fyrir styrkúthlutun er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að um umhverfisverkefni sé að ræða sem sótt er um.

### HVERNIG VERKEFNI HLJÓTA STYRK?

Dæmi um úthlutanir: Fegrun á umhverfi við Hreppslaug, aðstaða fyrir æskulýðsstarf Léttis og gróðursetning og málun á Melgerðismelum.

### ÚTHLUTANIR ÚR FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐI Á ÁRI

| ÁR   | VERKEFNI | UPPHÆÐ                    |
|------|----------|---------------------------|
| 2021 | 83       | 9.520.00 (fyrri úthlutun) |
| 2020 | 272      | 20.238.788                |
| 2019 | 206      | 16.832.000                |
| 2018 | 199      | 16.214.250                |
| 2017 | 152      | 14.699.500                |
| 2016 | 134      | 14.149.000                |

### ÚTHLUTANIR ÚR UMHVERFISSJÓÐI Á ÁRI

| ÁR   | VERKEFNI | UPPHÆÐ    |
|------|----------|-----------|
| 2021 | 10       | 730.000   |
| 2020 | 8        | 1.050.000 |
| 2019 | 8        | 1.050.000 |
| 2018 | 5        | 300.000   |
| 2017 | 8        | 950.000   |
| 2016 | 10       | 1.050.000 |

ALLAR ÚTHLUTANIR MÁ SJÁ Á VEF UMFÍ.



## LÝÐHÁSKÓLASTYRKIR

UMFÍ hefur undanfarin ár styrkt ungt fólk sem hyggur á nám við lýðháskóla í Danmörku. Markmið með styrkveitingunni er að gefa ungu fólk tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn. Það fái tækifæri til að kynnst nýju tungumáli og menningu og til að auka færni sína og þekkingu á völdu sviði í gegnum óformlegt nám og styrkja leiðtogahæfileika sína.

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði töluverð áhrif á skólaárið 2020 – 2021. Heldur færri umsóknir bárust til UMFÍ en undanfarin ár. Margir þátttakendur sneru sömuleiðis fyrr til síns heima en áætlað var þar sem margir lýðháskólar stöðvuðu alla starfsemi sína vegna faraldursins. Alls veitti UMFÍ rúmar 1,5 milljónir króna í styrki til um tuttugu ungmenna. Fyrir haustönn 2021 hafa 10 ungmenni sótt um styrk.

„Það sem ég tek mest með mér út í lífið eftir skólann er að þú þarft ekki að vera feiminn við að hitta nýtt fólk. Það er í lagi að tala um tilfinningar sínar og gráta. Ég er orðinn mun sjálfsöuggari við að tala við nýtt fólk og vona að ég verði bara betri í því sem meira líður á lífið. Ég mæli svo hiklaust með því að fara í lýðháskóla. Þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert.“

Bjarki Óskarsson,  
Vejle Idrættsháskole





# UMFÍ ER UMHUGAÐ UM NÁTTÚRU OG UMHVERFI

## PRASTASKÓGUR

Þrastaskógur í Grímsnesi er í eigu UMFÍ og fellur undir skógræktaráttak ungmennafélaganna. Þetta er 45 hektara skógarsvæði sem liggur frá Álftavatni og niður með Soginu að Þrastalundi. Tryggvi Gunnarsson þingmaður átti landið og gaf hann það Ungmennafélagi Íslands á afmælisdegi sínum 18. október árið 1911. Skógurinn sameinaði ungmennafélaga víða að og hófu þeir strax gróðursetningu. Langt er um liðið síðan fólk tók að reisa sér sumarbústaði í Þrastaskógi og er svæðið nú eitt vinsælasta og þéttsetnasta útivistarsvæði landsins.

UMFÍ á hluta af jörðinni, veiðiréttindi og tjaldsvæðið en hefur selt veitingastaðinn Þrastalund. Fyrirtækið V63 er eigandi Þrastalundar og með lóðirnar til leigu sem tjaldsvæði er á.



“UMFÍ leggur áherslu á almenna umhverfisvitund og virðingu fyrir umhverfi og náttúru landsins.



# UMFÍ SINNIR ÚTGÁFU- OG KYNNINGARSTARFI

## SKINFAXI

Þrjú tölublöð komu út af Skinfaxa, tímariti UMFÍ, árið 2020. Blaðið hefur komið óslitið út frá árinu 1909. Efnistöð eru fjölbreytt. Áhersla er lögð á að miðla þekkingu og fróðleik um viðtækt starf UMFÍ um allt land til að bæta starf íþróttafélaga. Gert er ráð fyrir að þrjú tölublöð komi út árið 2021.

## GÖNGUBÓK UMFÍ

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2021. Eins og fyrr var vandað til útgáfunnar. Árið 2020 var ráðist í heilmikla endurskoðun á bókinni og bæði gönguleiðir og kort uppfærð. Strikaður var út fjöldi leiða, margar uppfærðar og nýjum bætt við. Keypt voru ný kort af Landmælingum en slíkt hafði ekki verið gert síðan fyrsta göngubókin kom út árið 2002.

Bækurnar hafa líka breyst talsvert í gegnum árin. Til samanburðar innihélt fyrsta Göngubók UMFÍ – Göngum saman – 144 stuttar gönguleiðir víða um land. Bókin, sem kom út fyrir sumarið 2021, innihélt 272 gönguleiðir, ítarlegri lýsingar á 20 gönguleiðum og 38 léttar gönguleiðir fyrir alla fjölskylduna. Áfram er stefnt á að uppfæra bókina á hverju ári. Bætt dreifing bókarinnar olli því að upplag bókarinnar kláraðist fljótlega á áfangastöðum um allt land.

## SÉRBLÖÐ VEGNA MÓTA

Fyrirhugað var að gefa út sérblað vegna Unglingalandsmóts UMFÍ og Landsmóts UMFÍ 50+ sumarið 2021. Sala auglýsinga gekk mjög vel en mótahaldinu var frestað á lokametrinum og verður blaðið gefið út næsta sumar þegar mótin fara fram.

## FRÉTTABRÉF

Fréttabréf og rafræn boðskipti til sambandsaðila UMFÍ hafa aukist verulega. Leitast hefur verið við að senda út fréttabréf til aðildarfélaga og hagsmunaaðila reglulega á um tveggja vikna fresti hið minnsta. Í fréttabréfinu er fjallað um nýjar fréttir af UMFÍ, það sem er nýliðið og væntanlegt.

Fréttabréf og rafræn skilaboð hafa verið send þátttakendum í aðdraganda árlegra viðburða UMFÍ á borð við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Þar er sagt frá viðburðum sem fram undan eru. Á meðan viðburðum stendur hafa þátttakendur fengið fréttabréf sent í tölvupósti um viðburði dagsins og það sem fram undan er næsta dag ásamt nauðsynlegum skilaboðum sem þarf að koma til þátttakenda.

Frá byrjun október 2020 og fram í miðjan september 2021 voru 45 fréttabréf send út til sambandsaðila. Flest tengdust fréttabréfin upplýsingum um COVID-19.



UMFÍ leggur áherslu á að kynna mikilvægi starfseminnar og að nýta fjölbreyttar og nútímalegar aðferðir til að auka sýnileika hreyfingarinnar og að ná til allra aldurshópa.



# UMFÍ ER NÚTÍMALEG OG LEIÐANDI SAMTÖK

## FELIX

Felix er miðlægt félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ sem heldur utan um skráningar á iðkendum og félagsmönnum í íþrótt- og ungmennafélags-hreyfingunni á Íslandi.

Kerfið var tekið í notkun árið 2004. Árið 2020 var ákveðið að hefja undirbúning að nýju starfsskýrslukerfi sem muni taka við af Felix.

## SPORTABLER

Í september árið 2021 skrifaði forsvarsfólk ÍSÍ og UMFÍ undir samning við fulltrúa fyrirtækisins Abler um gerð á nýju rafrænu kerfi fyrir íþróttahreyfinguna.

Kerfið leysir af hólmi starfsskýrsluskil í Felix. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, skrifuðu undir samninginn fyrir hönd UMFÍ. Við undirritun kom fram að stefnt væri að því að íþróttahreyfingin skili starfsskýrslum fyrir starfsárið 2021 í nýju kerfi árið 2022.

„Íþróttastarfið er gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið, og við trúum því að við stöndum frammi fyrir einstökum tækifærum með því að stuðla að skilvirkari ferlum, gagnadrifinni framþróun og samnýtingu á þeirri þekkingu sem til staðar er í hreyfingunni.“

Markús Máni M. Maute, framkvæmdastjóri Abler



## SKRÁNINGAR- KERFIÐ NÓRI

Árið 2017 sömdu UMFÍ og Greiðslumiðlun til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Samningurinn nær samkvæmt því til ársins 2022.

Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota skráningar-kerfið sér að kostnaðarlausu þar til samningstíma lýkur. UMFÍ hefur notað kerfið við skráningu á ýmsa viðburði, svo sem Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Með Nóra geta notendur notað greiningartól og skoðað eitt og annað varðandi viðburði, svo sem kynja- og aldurskiptingu þeirra sem hafa skráð sig inn í kerfið, hvaða greinar viðkomandi hefur skráð sig í og fleira. UMFÍ hefur nýtt sér kerfið með góðum árangri. Margir sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra hafa jafnframt tekið að nota kerfið.

## SKJALAVISTUN

Árið 2020 flutti UMFÍ alla skjalavistun sína í Microsoft Sharepoint. Talsverð hagræðing var að yfirfærslunni því að Microsoft veitir félagsamtökum ókeypis aðgang að tæknilausnum gegnum samningaform við óhagnaðardrifin félög og samtök (NGO).

Í COVID-faraldrinum notaði UMFÍ samvinnutólið Microsoft Teams til fundahalda og annarra samskipta. Microsoft Teams nýttist afar vel hvort sem um var að ræða stóra eða minni fundi. Fundir urðu skilvirkari og mjög dró úr ferðum fólks milli landshluta og yfir landamæri.

## SAKAVOTTORÐ

Samkvæmt bæði æskulýðs- og íþróttalögum er óheimilt að ráða til starfa hjá íþróttahreyfingunni og í öðru skipulögðu starfi einstaklinga sem hafa hlotið refsídóm vegna kynferðisbrota og annarra ofbeldisverka, auk ávana- og fíkniefnabrota.

Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem launþegar og sem sjálfboðaliðar.

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. UMFÍ hefur heimild til að sækja gögn um viðkomandi vegna ofbeldis-, ávana- og fíkniefnabrota 3–5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru vegna kynferðisbrota. Eyðublað fyrir aðildarfélög er að finna á heimasíðu UMFÍ.

Frá og með júlí 2020 er nú hægt að sækja sakavottorð með rafrænum hætti á island.is. Vottorðið er sokað einkavottorð sem staðfestir að ekkert brot sé í sakaskrá viðkomandi einstaklings. Greiða þarf 2.500 krónur fyrir vottorðið og er það sent í pósthólf umsækjanda. UMFÍ sækir sakavottorð fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeim að kostnaðarlausu.

# SAMSKIPTARÁÐGJAFI Í ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir var sumarið 2020 ráðin samskiptaráðgjafi í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Ráðningin byggir á því þegar stór hópur íþróttakvenna steig fram í janúar 2018 og greindi frá kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttahreyfingunni.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, greip boltann á lofti og skipaði í mars sama ár starfshóp sem ætlað var að leggja til aðgerðir gegn slíkri hegðun. Í starfshópnum sat Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, ásamt fulltrúum frá ÍSÍ og fleirum. Niðurstaðan var frumvarp um stöðu samskiptaráðgjafa, sem lagt var fram á Alþingi haustið 2018. Á vorþingi 2019 voru lög um samskiptaráðgjafa samþykkt og í júlí auglýsti ráðuneytið eftir stofnun eða samtökum til að hafa umsjón með starfsemi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Í janúar 2020 lauk formlegu mati á umsækjendum og var Domus Mentis – Geðheilsustöð talin hæfust.

Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.

## 24 MÁL KOMU Á BORD SAMSKIPTARÁÐGJAFANA ÁRIÐ 2020

- 8 mál varða kynferðislega áreitni eða ofbeldi.
- 6 mál varða eineltismál.
- 6 mál varða leiðbeiningar.
- 2 mál varða óæskilega hegðun.
- 1 mál varðar líkamleg ofbeldi.
- 1 mál varðar annað.

Þau mál sem samskiptaráðgjafi hafði lokið við eða var lokað á árinu 2020 voru 12 eða 50% allra mála sem bárust. Tvö mál (8,3%) voru í eftirfylgd í lok árs 2020. Það eru mál sem teljast leyst eða hefur verið unnið úr og málsaðilum gefinn tími til að hrinda tilmælum/úrbótum í framkvæmd. Í lok árs 2020 voru 10 mál í vinnslu (14,6%). Helmingur allra mála árið 2020 barst á síðustu fjórum mánuðum ársins.



UMFÍ leggur áherslu á að vera nútímaleg, aðgengileg og leiðandi samtök í stöðugri framþróun. Samtökin bregðast við og laga sig að breyttum þörfum samfélagsins.



# UMFÍ BYGGIR Á TRAUSTUM STJÓRNARHÁTTUM

## SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ 2020

43. sambandsráðsfundur UMFÍ fór fram 29. október 2020. Fyrirkomulag fundarins endurspeglaði krefjandi aðstæður í samfélaginu og samkomutakmarkanir af völdum COVID-faraldursins.

Sambandsráðsfundur UMFÍ er haldinn annað hvert ár og er hann æðsta vald í málefnum ungmennafélagsshreyfingarinnar á milli sambandsþinga, sem líka eru haldin annað hvert ár.

Til stóð að fundurinn færi fram á Hótel Geysi í Haukadale og myndi standa í tvo daga. Nýir sambandsaðilar UMFÍ; Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalag Akraness (ÍA) myndu mæta til leiks í fyrsta skipti.

COVID-faraldurinn varð hins vegar til þess að öllum ferðalögum var slegið á frest og fundur UMFÍ var haldinn í fyrsta sinn með rafrænum hætti. Á hann mættu um fimmtíu þingfulltrúar sambandsaðila UMFÍ, stjórn UMFÍ og starfsfólk.

Hauki Valtýssyni, formanni UMFÍ, var í ávarpi sínu á fundinum tíðrætt um mikilvægi samstarfs og samvinnu. Hann sagði ungmennafélagsshreyfinguna hafa styrkst verulega eftir að íþróttabandalögin þrjú fengu aðild að UMFÍ.

Haukur benti jafnframt á að fram undan í starfi UMFÍ væri stefnumótun. Henni og fleiri verkefnum UMFÍ væri ætlað að sporna við þeirri neikvæðu þróun sem COVID-faraldurinn getur leitt af sér.

„Stefnan miðar að því að styðja við starf íþrótt- og ungmennafélaga í heimahéruðum, hún horfir til umhverfismála, félagslegra þátta og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. En ofar öðru munum við huga að eflingu lýðheilsu landsmanna, ekki síst hvers og eins. Ég hvet sambandsaðila UMFÍ og aðildarfélög

um allt land til að vinna að því að auka hreyfingu fólks. Það hefur ekki aðeins áhrif á þá sem eru í félögum okkar heldur samfélagið allt. Við eigum að einhenda okkur markvisst í að sinna af meiri krafti fólki sem stendur utan afreksíþróttar, þeim sem stunda óhefðbundnar íþróttir, og að auka félagsstarf okkar,“ sagði hann.

### MINNISBLAÐ UMFÍ

Á sambandsráðsfundi UMFÍ 2020 var kynnt sextán blaðsíðna minnisblað UMFÍ um veirufaraldurinn, afleiðingar hans og tillögur að aðgerðum til að hjálpa íþrótt- og æskulýðsfélögum og sporna við neikvæðum áhrifum faraldursins á félög og iðkendur.

Í inngangsorðum minnisblaðsins kemur fram að miklar áhyggjur eru af stöðu mála í hreyfingunni vegna COVID og að staða einstakra félaga er mjög mismunandi. Tilgangurinn með minnisblaðinu var að taka saman stutt yfirlit um áhrifin og þá umræðu sem fram hefur farið í íþrótt- og ungmennafélags-hreyfingunni. Lagðar eru fram nokkrar tillögur sem byggðar eru á samtölum við einstaklinga í grasrótarstarfi UMFÍ og stjórnendur aðildarfélaga UMFÍ, í kjölfar þess að þriðja bylgja faraldursins stöðvaði íþróttastarf á höfuðborgarsvæðinu í byrjun október 2020.

Um var að ræða aðgerðir í vörn og sókn, enda lykilatriði í góðu íþróttastarfi að huga að báðum þáttum til að ná árangri. Til grundvallar var bæði staða mála eins og hún var þá og vangaveltur um þær aðgerðir sem þá þegar hafði verið gripið til af hálfu stjórnvalda.

# STEFNUMÓTUN

UMFÍ hefur undanfarin misseri lagt mikla og vandaða vinnu í að endurnýja stefnu sambandsins. Undirbúin var fundaröð þar sem markmiðið var að eiga gott og innihaldsríkt samtal og styrkja samtalið milli sambandsaðila UMFÍ, stjórnar, starfsfólks og ungs fólks innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

Farið var af stað með það markmið að hlusta á sem flestar raddir í hreyfingunni. Hrönn Pétursdóttir ráðgjafi sá um utanumhald og ráðgjöf við stefnumótunina.

Fyrsta stefnumót UMFÍ fór fram laugardaginn 20. mars 2021 á Hótel Geysi í Haukadál. Fulltrúar sambandsaðila UMFÍ, stjórn og ungt fólk á aldrinum 16 -25 ára voru sérstaklega hvött til þátttöku. Heildarþátttaka var góð og urðu góðar og innihaldsríkar umræður um markmið og stefnu UMFÍ. Á þessari samkomu voru unnin fyrstu drög að uppfærðri stefnu og skerpt á áhersluatriðum í starfi UMFÍ næstu árin.

Í framhaldi af stefnumótinu á Geysi var ætlunin að halda vinnunni áfram með heimafólki í hverjum landshluta. Heimsfaraldur kórónuveirunnar og hertar samkomutakmarkanir breyttu þeim áformum. Í stað þess að fulltrúar UMFÍ færu um landið var efnt til landshlutfunda með hjálp fjarfundatækni. Stýrihópur verkefnisins var skipaður fulltrúum úr stjórn UMFÍ og starfsfólki, sem sá um umsjón og stjórn fundanna. Þátttaka var misgóð. Á heildina litið komu fram góðar ábendingar og þátttakendur áttu gott samtal um hlutverk, skyldur og ábyrgð ungmennafélagshreyfingarinnar.

## FUNDIRNIR FÓRU FRAM

- 12. apríl Norðurland
- 15. apríl Vesturland og Vestfirðir
- 20. apríl Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes
- 27. apríl Suðurland og Austurland

Í júní 2021 fóru fulltrúar úr stjórn UMFÍ ásamt starfsfólki hringferð um landið þar sem fulltrúar sambandsaðila UMFÍ voru heimsóttir. Í þessum heimsóknum var stefnumótunin til umræðu ásamt öðrum málum tengdum íþróttá- og ungmennafélags-hreyfingunni og atriðum sem talin eru geta bætt starf félaganna.

## FUNDIRNIR FÓRU FRAM Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

- |                            |                       |
|----------------------------|-----------------------|
| 12. júní Egilsstaðir       | 27. júní Sauðárkrókur |
| 15. júní Selfoss           | 28. júní Húsavík      |
| 21. júní Akranes           | 29. júní Akureyri     |
| 21. júní Ólafsvík          | 29. júní Blönduós     |
| 22. júní Vogar-Vatnsl.str. | 22. sept. Reykjavík   |
| 24. júní Reykjanesbær      |                       |

Boðað var til fleiri funda á ýmsum stöðum á landinu til viðbótar en af ýmsum ástæðum féllu þeir fundir niður.



UMFÍ leggur áherslu á gott skipulag og fagleg vinnubrögð og að þau séu gagnsæ og skilvirk með ábyrgð og lýðræði að leiðarljósi. Stuðlað er að vellíðan og góðum starfsanda þar sem öflug liðsheild vinnur af metnaði að því að bæta starfsemi hreyfingarinnar.







# STERKARI SAMAN SAMFÉLAGINU TIL GÓÐA

## HEIMSÓKN RÁÐHERRA

10. febrúar 2021 komu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Sóley Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, í heimsókn í þjónustumiðstöð UMFÍ. Þau funduðu með Auði Ingu Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ, og Jóhanni Steinari Ingimundarsyni, varaformanni UMFÍ, ásamt starfsfólki.

Tilfni heimsóknarinnar var kjördæmadagar á Alþingi. Ásmundur og Sóley ræddu um hreyfinguna og fræddust um hana ásamt því að velta málum upp sem fram undan eru og gagnast hreyfingunni í heild.

## FUNDAÐ MEÐ ÍPRÓTTASTJÓRUM

29. apríl 2021 komu íþróttastjórar aðildarféлага ÍBR í heimsókn í þjónustumiðstöð UMFÍ. Markmið heimsóknarinnar var að upplýsa þá um verkefni UMFÍ og koma á gagnkvæmum kynnum. Heimsóknin tókst vel og var hún einkar gagnleg fyrir báða aðila. Var rætt um að fjölga slíkum stefnumótum

## FRAMKVÆMDASTJÓRA- HITTINGUR SAMBANDSAÐILA

Stjórn og starfsfólk UMFÍ hafa boðað framkvæmdastjóra og/eða starfsfólk sambandsaðila og aðildarféлага þeirra í óformlegan hitting í þjónustumiðstöð UMFÍ. Fundirnir hafa fengið góðan hljómgrunn hjá framkvæmdastjórum enda fá þeir þar tækifæri til að ræða við kollega sína og mynda tengsl innan íþróttahreyfingarinnar. Til stóð að halda hitting sumarið 2021 í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi. Vegna sóttvarnaaðgerða vegna COVID-faraldursins var hittingnum frestað. Stefnt er að hittingi fyrir næstu áramóti 2021.

## STJÓRNARFUNDIR

Alls voru haldnir 25 stjórnarfundir hjá UMFÍ á starfstímabili stjórnar. Fundirnir voru haldnir víða um landið sem og á fjarfundarformi. Staðfundir voru þrettán en fundir með fjarfundarbúnaði tólf talsins.

## FUNDIR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Alls voru haldnir 40 framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabili stjórnar. Flestir fundirnir voru haldnir í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík en einnig var notast við fjarfundarbúnað.



UMFÍ er málsvari þess að allir geti tekið þátt á sínum forsendum. UMFÍ leggur áherslu á gleðina sem felst í samveru, breiðri þátttöku og trúir á gildi þess að láta gott af sér leiða, bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

# UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

UMFÍ sinnir lýðræðislegu hlutverki sínu og sendir Alþingi umsagnir um mál sem á ýmsum stigum eru fyrir þinginu. Skrif umsagnanna eru hluti af stjórnarháttum og aðhaldi enda fjallað um margt á þeim vettvangi sem varðar ungmennafélags- og íþróttahreyfinguna með ýmsum hætti.

## UMSÖGN UM TILLÖGU MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA AÐ BREYTINGU Á VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ GRUNNSKÓLA

29. september 2020: Ungmennaráð UMFÍ leggst gegn tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla sem nú liggur inni í samráðsgátt.

## UMSÖGN UM FRUMVARP TIL FJÁRLAGA FYRIR ÁRIÐ 2021 OG TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM FJÁRMÁLAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2021-2025

19. október 2020: Við mælum með því að hið opinbera hækki framlög til málaflokksins, til eflingar íþrótt- og æskulýðsstarfs. Margfeldisáhrifin eru svo mikil. Eins og verkefni UMFÍ og fleiri félagsamtaka hafa sýnt fram á margfaldast þar hver króna sem lögð er í verkin. Hún stækkar ekki aðeins heldur skilar sér aftur til samfélagsins í betri einstaklingum, sterkari einstaklingum, heilbrigðari einstaklingum. Það léttir á heilbrigðiskerfinu og er samfélaginu til góðs.

## UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM LAUNASJÓÐ ÍSLENSKS AFREKSÍÞRÓTTAFÓLKS

1. desember 2020: Um leið og UMFÍ styður tillöguna leggjum við áherslu á mikilvægi þess að Launasjóðurinn verði fjárhagslega sjálfstæður og að hann verði fjármagnaður sérstaklega í stað þess að taka af því framlagi sem nú þegar er ætlað er til íþrótt- og æskulýðsmála. Verði það gert er stutt við fámennan hóp afreksfólks í íþróttum á kostnað heildarinnar, þ.e. meirihluta barna- og unglunga sem stunda íþróttir á Íslandi. UMFÍ leggur því til að þingsályktunartillagan verði samþykkt og fjármagn við málaflokkinn aukið til þess að framkvæma tillöguna.

## UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM MÓTUN HEILDSTÆÐRAR STEFNU UM AFREKSFÓLK Í ÍÞRÓTTUM

1. desember 2020: UMFÍ fagnar því hversu mjög stjórnvöld beina sjónum sínum að íþróttastarfsemi á Íslandi um þessar mundir. En um leið er mikilvægt að heildstæð stefna í afreksíþróttum verði ekki á kostnað þeirra verkefna og starfsemi sem fyrir eru hjá ÍSÍ, UMFÍ, sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra um allt land.

## UMSÖGN VIÐ FRUMVARP UM GREIÐSLUR TIL ÍÞRÓTTAFÉLAGA VEGNA LAUNAKOSTNAÐAR Á TÍMUM KÓRÓNUVEIRUFARALDURSINS

11. desember 2020: UMFÍ leggur áherslu á að frumvarpið verði unnið fljótt og vel og nái til sem flestra. Staðan er orðin slæm hjá mörgum félögum. Sum þeirra réðu við launagreiðslur og önnur regluleg útgjöld um síðustu mánaðamót. Önnur áttu erfitt með það. Af samræðum við stjórnendur félaga síðustu daga er ljóst að félögin eru á síðustu metrunum í þessu langhlaupi og munu sum þeirra eiga í erfiðleikum með að ná í mark um næstu mánaðamót. Það verður því að kasta björgunarhringnum út eins fljótt og hægt er.

## UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM SKATTA OG GJÖLD (SKATTALEGIR HVATAR FYRIR LÖGAÐILA SEM STARFA TIL ALMANNAHEILLA)

17. desember 2020: Ýmsar undanþágur er að finna í þessu nýja og byltingarkennda frumvarpi um almannaheillafélög. En eins og bent hefur verið á hér að framan eru undanþágurnar enn víðtækari hjá félögum í öðrum löndum, s.s. á hinum Norðurlöndunum. Við getum gert betur um leið og við fögnum því að þessi skref eru stigin nú.

### UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM NR. 87/2018, UM RAFRETTUR OG ÁFYLLINGAR FYRIR RAFRETTUR (NIKÓTÍNÞÖRUR)

31. janúar 2021: Setning laga um níkótínþörur er skref í rétta átt þar sem forvarnir eru leiðarljósið.

### UMSÖGN UM DRÖG AÐ STEFNU UM FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF BARNNA OG UNGMENNA 2020-2030

4. febrúar 2021: UMFÍ tekur heils hugar undir þá framtíðarsýn sem endurspeglast í drögum að Æskulýðsstefnu stjórnvalda. Þ.e. að skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf verði viðurkennt sem ein styrkasta stoðin í íslensku samfélagi. Þó fagnar UMFÍ því sérstaklega að óformlegu námi, sem vissulega er fólgið í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, er lyft upp í drögum að Æskulýðsstefnu.

### DRÖG AÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM Á MÁLEFNASVIÐI MENNTA- OG MENNINGARMÁLA (ÖFLUN SAKAVOTTORÐS)

9. mars 2021: Öflun sakavottorða einstaklinga, sem vinna með börnum og ungmennum, er lykilatriði. Eins og frumvarpið lítur út nú verða öll ákvæði um ráðningarbann í sérlögum á sviði mennta- og menningarmálaráðuneytis samræmd og óheimilt að ráða þá til starfa sem hafa verið dæmdir fyrir kynferðisbrot auk annarra brota. Þetta er gleðiefni enda mikilvægt að svona úrræði nái til allra þeirra sem vinna með börnum og ungmennum. Við verðum einfaldlega að setja börn og ungmenni í fyrsta sætið og leyfa þeim að njóta vafans frekar en starfsfólki, sem sækist eftir að vinna með þeim.

### UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM VEGNA LAGA UM PERSÓNUVERND OG VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

30. mars 2021: UMFÍ mælir með því að leiðin til að afla upplýsinga sem heimild er fyrir verði gerð greiðari. Þar er nærtækast að nefna sem dæmi að sakavottorð þeirra sem hafa umsýgn með börnum verði rafræn og að íþróttafélögum verði gert einfaldara um vik að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögnum.

### UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM FÉLÖG TIL ALMANNAHEILLA

8. apríl 2021: UMFÍ telur að með frumvarpinu um lög félaga til almannaheilla, þar með talið íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna, sé stigið mikilvægt skref í þá átt að setja umgjörð um stjórnun félaga til almannaheilla.

### UMSÖGN VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í MÁLEFNUM INNFLYTJENDA FYRIR ÁRIN 2021-2024

9. apríl 2021: Afar ánægjulegt er að sjá í drögum að framkvæmdaáætluninni að verkefni – í stórum dráttum – eru fjármögnuð. Á hinn bóginn þarf að hafa í huga að til þess að verkefni skili árangri þarf að fjármagna þau að fullu.

### UMSÖGN VIÐ TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM LÝÐHEILSUSTEFNU TIL ÁRSINS 2030

21. apríl 2021: Horfum til þess sem vel er gert í nágrannalöndum okkar. Setja skal fram tímasettar áætlanir um innleiðingu lýðheilsustefnunnar og með hvaða hætti árangurinn er metinn.

### UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM Á MÁLEFNASVIÐI MRN (ÖFLUN SAKAVOTTORÐA)

